



Sjálfbærniuppgjör samstæðunnar 2024



Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Festi hf.

Við vorum ráðin af Festi hf. til að veita álit með takmarkaðri vissu á valda sjálfbærnimælikvarða í Sjálfbærniuppgjöri Festi sem sett er fram í Ársskýrslu samstæðunnar fyrir árið 2024 ("Skýrslunni").

Umfang:

Umfang vinnu okkar takmarkast við að leggja mat á valda UFS mælikvarða setta fram í Sjálfbærniuppgjöri Festi fyrir árð 2024. Eftirfarandi mælikvarðar eru innan umfangs:

- Umhverfispættir: E1-5, E1-6 og E1-7
- Félagslegir þættir: S1-6, S1-7, S1-9, S1-12, S1-14, S1-15, S1-16 og S1-17

Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga í Ársskýrslu eða samanburðarfjárhæða.

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Festi eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á UFS mælikvarða innan umfangs sem settir eru fram í Skýrslunni. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að U, F og S mælikvarðar innan umfangs séu án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning gagna, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að útbúa gögnin. Við tókum viðtöl við lykilaðila innan Festi, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferð við að tryggja að UFS mælikvarðar innan umfangs séu settir fram í samræmi við aðferðafræði er greint er frá. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að valdir UFS mælikvarðar í Ársskýrslu Festi fyrir árið 2024 séu að öllu verulegu leyti í samræmi við þá aðferðafræði er greint frá.

Kópavogi, 4. mars 2025

Deloitte ehf.

Inngangur

Mikil óvissa ríkir um þróun sjálfbærniupplýsingagjafar í Evrópu og á Íslandi. Þrátt fyrir að reglugerðir um innleiðingu CSRD/ESRS hafi enn ekki tekið gildi hér á landi, ákvað Festi að grípa til aðgerða og framkvæma tvíþátta mikilvægisgreiningu árið 2024. Til að tryggja faglega og markvissa nálgun var leitað til reyndra sérfræðinga með sérþekkingu á atvinnugreinum Festi en virðisreðjur samstæðunnar eru fjölbreyttar og flóknar og þörf á ítarlegri greiningarvinnu til að tryggja gagnlegar niðurstöður.

Vinnan við tvíþátta mikilvægisgreininguna skilaði Festi dýrmæta innsýn í áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag, sem og fjárhagslega áhættu. Borin voru kennsl á fjölmörg tækifæri sem geta skapað virði fyrir Festi til framtíðar og ljóst er að niðurstöður og greiningar verða notaðar sem grunnur fyrir sjálfbærnistefnu og forgangsroðun verkefna innan Festi til framtíðar.

Á þessu ári byggir sjálfbærniuppgjör samstæðunnar á grunni Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) tilskipunarinnar og leiðbeininga evrópska sjálfbærniskilastaðalsins European Sustainability Reporting Standards (ESRS). Markmið með að hafa ESRS til hliðsjónar við gerð sjálfbærniuppgjörs er að fá reynslu og betur undirbúa Festi til framtíðar. Skýrslan uppfyllir ekki allar skýringarkröfur sem ESRS gerir en greint er frá aðferðafræði og hvaða upplýsingar eru birtar í skýringum með einstökum mælikvörðum. Deloitte hefur staðfest valda sjálfbærnimælikvarða með takmarkaðri vissu. Í áritun Deloitte er nánar útskýrt hvað felst í slíkri staðfestingu og hvaða þættir skýrslunnar voru metnir

Útkoma mikilvægisgreiningarinnar var að greina hvaða sjálfbærniþættir væru mikilvægir fyrir samstæðuna og ættu þar af leiðandi að vera hluti af sjálfbærniupplýsingagjöf félagsins. Ýmsar áskoranir fylgja vöruframboði samstæðunnar, svo sem eldsneyti, rafmagn, matvöru, lyfjum og raftækjum og eiga megináhrifin sér oft stað í virðisreðjunni, s.s. við framleiðslu, flutning eða notkun vara af hálfu viðskiptavina. Jafnframt er nóg að flokkur sé mikilvægur fyrir eitt félag Festi til að hann teljist mikilvægur fyrir alla samstæðuna. Af þessum sökum töldust margir flokkar ESRS mikilvægir fyrir Festi og þar sem greiningarferlinu lauk á seinni hluta síðasta árs reyndist ekki unnt að birta alla gagnapunkta að þessu sinni. Unnið verður að því að fjölga gagnapunktum til framtíðar en ljóst er að ferlið við að safna gögnum, móta stefnur og forgangsraða aðgerðum mun taka tíma.

Stórum áfanga var náð á árinu með þróun losunarbókhalds samstæðunnar en í kjölfar þess að fjárhagsbókhald félagsins var gert að grunni fyrir sjálfbærniþéttir hafa gagnagæði batnað til muna auk þess sem náð hefur verið utan um mun stærri hluta losunar.

Markmið Festi er að vera meðal leiðandi fyrirtækja í sjálfbærni á Íslandi. Bætt sjálfbærniupplýsingagjöf er bæði sprettur og langhlaup – ferli sem byggir á stöðugri þróun. Hjá félaginu er leitast við að styrkja þekkingu starfsfólks og stjórnenda, bæta sjálfbærniþéttir, þróa ferla og auka árangur markvisst. Framtíðin býður upp á spennandi tækifæri og er félagið staðráðið í að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar.

Þar sem opinber þýðing á ESRS hefur ekki átt sér stað verða heiti á köflum og gagnapunktum sett fram á ensku til að lágmarka líkur á misskilningi og koma í veg fyrir rangar þýðingar.

Yfirlit yfir gagnapunkta

ESRS 2 – General disclosures

		Bls.	Athugasemd
BP-1	General basis for preparation of the sustainability statement	6	
BP-2	Disclosures in relation to specific circumstances	6	
GOV-1	The role of the administrative, management, and supervisory bodies	6	
GOV-2	Information provided to and sustainability matters addressed by the company's administrative, management and supervisory bodies	7	
GOV-3	Integration of sustainability-related performance in incentive schemes	7	
GOV-4	Statement on due diligence	8	
GOV-5	Risk management and internal controls over sustainability reporting	8	
SBM-1	Strategy, business model, and value chain	8	
SBM-2	Interests and views of stakeholders	9	
SBM-3	Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model	9	
IRO-1	Description of the process to identify and assess material impacts, risks, and opportunities	12	
IRO-2	Disclosure Requirements in ESRS covered by the company's sustainability statement	13	

E1 – Climate change

GOV-3	Integration of sustainability-related performance in incentive schemes	7	
E1-1	Transition plan for climate change mitigation	14	
SBM-3	Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model	9	
IRO-1	Description of the processes to identify and assess material climate-related impacts, risks and opportunities	14	
E1-2	Policies related to climate change mitigation and adaption	15	
E1-3	Actions and resources in relation to climate change policies	15	
E1-4	Targets related to climate change mitigations and adaptation	15	
E1-5	Energy consumption and mix	16	Staðfest af Deloitte
E1-6	Gross Scopes 1, 2, 3 and total GHG emissions	17	Staðfest af Deloitte
E1-7	GHG removals and GHG mitigation projects financed through carbon credits	19	Staðfest af Deloitte
E1-8	Internal carbon pricing	20	Á ekki við
E1-9	Anticipated financial effects from material physical and transition risks and potential climate-related opportunities	20	

E2 – Pollution

IRO-1	Description of the processes to identify and assess material pollution-related impacts, risks and opportunities	12	
E2-1	Policies related to pollution	21	
E2-2	Actions and resources related to pollution	21	
E2-3	Targets related to pollution	21	
E2-4	Pollution of air, water and soil	22	
E2-5	Substances of concern and substances of very high concern	22	
E2-6	Anticipated financial effects from material pollution-related risks and opportunities	22	

E3 – Water and marine resources

IRO-1	Description of the processes to identify and assess material water and marine resources-related impacts, risks and opportunities	12	
E3-1	Policies related to water and marine resources	23	
E3-2	Actions and resources related to water and marine resources	23	
E3-3	Targets related to water and marine resources	23	
E3-5	Anticipated financial effects from material water and marine resources-related risks and opportunities	24	

E4 – Biodiversity and ecosystems

E4-1	Transition plan and consideration of biodiversity and ecosystems in strategy and business model	25	
SBM-3	Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model	9	
IRO-1	Description of the processes to identify and assess material biodiversity and ecosystems-related impacts, risks and opportunities	12	
E4-2	Policies related to biodiversity and ecosystems	25	
E4-3	Actions and resources related to biodiversity and ecosystems	25	
E4-4	Targets related to biodiversity and ecosystems	26	
E4-5	Impact metrics related to biodiversity and ecosystems change	26	
E4-6	Anticipated financial effects from biodiversity and ecosystems-related risks and opportunities	26	

E5 – Resource use and circular economy

IRO-1	Description of the processes to identify and assess material water and marine resources-related impacts, risks and opportunities	12	
E5-1	Policies related to resource use and circular economy	27	

E5-2	Actions and resources related to resource use and circular economy	27	
E5-3	Targets related to resource use and circular economy	27	
E5-4	Resource inflows	28	
E5-5	Resource outflows	28	
E5-6	Anticipated financial effects from resource use and circular economy-related impacts, risks and opportunities	30	

S1 – Own workforce

SBM-2	Interests and views of stakeholders	9	
SBM-3	Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model	31	
S1-1	Policies related to own workforce	33	
S1-2	Processes for engaging with own workforce and workers' representatives about impacts	33	
S1-3	Processes to remediate negative impacts and channels for workforce to raise concern	34	
S1-4	Taking action on material impacts on own workforce, and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to own workforce, and effectiveness of those actions	34	
S1-5	Targets related to managing material negative impacts, advancing positive impacts, and managing material risks and opportunities	35	
S1-6	Characteristics of the undertaking's employees	35	Staðfest af Deloitte
S1-7	Characteristics of non-employees in the undertaking's own workforce	37	Staðfest af Deloitte
S1-9	Diversity metrics	37	Staðfest af Deloitte
S1-12	Persons with disabilities	37	Staðfest af Deloitte
S1-13	Training and skills development metrics	37	
S1-14	Health and safety metrics	37	Staðfest af Deloitte
S1-15	Work-life balance metrics	38	Staðfest af Deloitte
S1-16	Remuneration metrics (pay gap and total remuneration)	38	Staðfest af Deloitte
S1-17	Incidents, complaints and severe human rights impacts	38	Staðfest af Deloitte

S2 – Workers in the value chain

SBM-2	Interests and views of stakeholders	9	
-------	-------------------------------------	---	--

SBM-3	Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model	9	
S2-1	Policies related to value chain workers	40	
S2-2	Processes for engaging with value chain workers about impacts	40	
S2-3	Processes to remediate negative impacts and channels for value chain workers to raise concerns	41	
S2-4	Taking action on material impacts on value chain workers, and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to value chain workers, and effectiveness of those actions	41	
S2-5	Targets related to managing material negative impacts, advancing positive impacts, and managing material risks and opportunities	41	

S4 – Consumers and end-users

SBM-2	Interests and views of stakeholders	9	
SBM-3	Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model	9	
S4-1	Policies related to consumers and end-users	43	
S4-2	Processes for engaging with consumers and end-users about impacts	44	
S4-3	Processes to remediate negative impacts and channels for consumers and end-users to raise concerns	44	
S4-4	Taking action on material impacts on consumers and end-users and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to consumers and end-users, and effectiveness of those actions	44	
S4-5	Targets related to managing material negative impacts, advancing positive impacts, and managing material risks and opportunities	44	

G1 –Business conduct

GOV-1	The role of administrative, management and supervisory bodies	6	
IRO-1	Description of the processes to identify and assess material impacts, risks and opportunities	12	
G1-1	Business conduct policies and corporate culture	46	
G1-2	Management of relationships with suppliers	46	
G1-3	Prevention and detection of corruption and bribery	47	
G1-4	Incidents of corruption and bribery	47	
G1-6	Payment practices	47	

ESRS 2: General disclosures

Basis for preparation

BP-1 General basis for preparation of the sustainability statement

Sjálfbærniuppgjörið nær til fjárhagsársins 2024 frá 1. janúar til 31. desember. Umfang skýrslunnar er í samræmi við samstæðuársreikning Festi hf. fyrir árið 2024 og tekur til móðurfélagsins Festi („félagið“) ásamt dótturfélögnum Bakkanum vöruhótel, ELKO, Krónunni, Lyfju, N1 og Yrki eignum.

Uppgjörið inniheldur öll gögn og nettótekjur Lyfju fyrir árið 2024 til að tryggja samræmi og samanburð milli ára. Þess vegna eru nettótekjur Festi einnig reiknaðar með nettótekjum Lyfju fyrir árið 2023 og fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024, sem er frábrugðið framsetningu í ársreikningi þar sem aðeins seinni sex mánuðir ársins hjá Lyfju eru með í heildartölum.

Uppgjörið nær til starfsemi bæði á fyrri stigum (e. upstream) og síðari stigum (e. downstream) virðiskeðjunnar eins og hún var skilgreind í tvíþátta mikilvægisgreiningu sem framkvæmd var árið 2024. Áhrif, áhættur og tækifæri tengd umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnaðarháttum (ESG) voru metin með tilliti til virðiskeðjunnar.

Varðandi stefnumörkun, aðgerðir, markmið og mælikvarða er virðiskeðjan að hluta til tekin með í greiningunni. Til stendur að samþætta hana að fullu í framtíðinni til að veita heildstæðari yfirsýn yfir starfsemina og stuðla að betri eftirfylgni við lög og reglugerðir.

Við matið voru öll gögn meðtalin, þar á meðal upplýsingar sem varða hugverkarétt, sérþekkingu eða nýsköpun.

BP-2 Disclosures in relation to specific circumstances

Við mat á áhættum, áhrifum og tækifærum var stuðst við þrjú tímabil fyrir sviðsmyndir. Í samræmi við ESRS 1, kafla 6.4, voru tímabilin skilgreind sem skammtíma (1 ár), miðlungs (3 ár) og langtíma (5+ ár).

Sérstaklega er tilgreint þar sem upplýsingar byggja á áætlunum, svo sem rannsóknum eða meðaltalsgögnum fyrir tiltekna atvinnugreinar, ásamt viðeigandi mælikvörðum. Í núverandi uppgjöri er megináhersla lögð á eigin starfsemi Festi fremur en virðiskeðjuna. Í framtíðinni mun félagið kynna sérstakan kafla um aðferðafræði til að veita frekari innsýn í hvernig gagna er aflað fyrir virðiskeðjuna.

Upplýsingar um eigin starfsemi byggja að mestu leyti á frumgögnum (e. primary data), en fyrir fyrri- og síðari stig virðiskeðjunnar er einnig stuðst við aukagögn (e. secondary data). Þetta getur leitt til aukinnar óvissu í upplýsingum og greiningu á áhrifum, áhættum og tækifærum tengdum virðiskeðjunni. Upplýsingar um uppruna gagna og aðferðafræði við mat þeirra verða útskýrðar nánar í sérstökum kafla í framtíðarskýrslum í samræmi við gildandi regluverk.

Sem stendur birtir Festi ekki framsýn (e. forward-looking) gögn, en stefnt er að því að slíkar upplýsingar verði hluti af framtíðaruppgjörum í samræmi við gildandi regluverk.

Governance

GOV-1 – The role of the administrative, management, and supervisory bodies

Sjálfbærni er órjúfanlegur hluti af stefnu og starfsemi Festi. Til að undirstrika mikilvægi sjálfbærni innan samstæðunnar ber forstjóri félagsins yfirlit með málaflokknum, en framkvæmdastjórn einstakra dótturfélaga bera ábyrgð á sjálfbærni í sinni starfsemi.

Á skrifstofu forstjóra starfar forstöðumaður stefnumótunar, sem hefur það hlutverk að útfæra og innleiða stefnu og framtíðarsýn Festi í sjálfbærni. Honum til stuðnings er sjálfbærnistjóri Festi, sem stýrir framkvæmd sjálfbærnimála samstæðunnar og vinnur náið með ábyrgðaraðilum sjálfbærni innan hvers rekstrareiningar. Reglulega eru haldnir fundir með stjórnendum samstæðunnar, allt frá stjórn niður í forstöðumannateymi dótturfélaga, þar sem kynntar eru

nýjungar í sjálfbærni, svo sem breytingar á regluverki, og unnið að markmiðasetningu, aðgerðaáætlunum og vöktun sjálfbærnimála hjá hverju félagi fyrir sig.

Stjórn Festi og framkvæmdastjórn gegna lykilhlutverki í því að tryggja að stjórnarháttuferli, eftirlitsaðgerðir og verklagsreglur séu til staðar til að fylgjast með, stýra og hafa eftirlit með sjálfbærnitengdum áhrifum, áhættum og tækifærum. Þeir stilla jafnframt af metnaðarstig félagsins í sjálfbærni og samþykka sjálfbærnistefnu þess.

Endurskoðunarnefnd Festi hefur eftirlit með ársreikningi samstæðunnar og þeim sjálfbærnipáttum sem birtir eru með honum í samræmi við gildandi lög og reglur. Jafnframt hefur nefndin yfirsýn yfir áhættumat samstæðunnar, þar með talið sjálfbærniáhættur sem geta haft áhrif á rekstur hennar.

Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar ber ábyrgð á áhættustýringu félagsins, þar á meðal sjálfbærniáhættu. Forstöðumaður innheimtu og fjárfstýringar sér um að koma á fót ferlum til að greina, meta, stjórna og skýra frá þeim áhættum sem gætu haft áhrif á hvort félagið nái stefnumarkandi markmiðum sínum.

Hvert dótturfélag ber ábyrgð á sjálfbærni í eigin starfsemi, en nálgunin er aðlöguð að starfsemi hvers félags. Hjá Krónunni hefur verið skipaður sjálfbærnileiðtogi sem stýrir málaflokknum innan fyrirtækisins, en í öðrum félögum dreifist ábyrgðin á milli forstöðumanna í samræmi við þær sjálfbærniáherslur sem tengjast starfssviði þeirra. Festi leggur áherslu á að sjálfbærni verði órjúfanlegur hluti af daglegri starfsemi allra starfsmanna, fremur en að vera bundin við fáa lykilaðila.

Í lok árs 2024 voru átta aðilar í framkvæmdastjórn Festi; forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar ásamt framkvæmdastjórum dótturfélaga samstæðunnar, sem eru Bakkinn vöruhótel, ELKO, Krónan, Lyfja, N1 og Yrkir eignir. Niðurbrot eftir kynjum má finna í S1 - 9 og lesa má um reynslu framkvæmdastjóra hér: <https://www.festi.is/framkvaemdastjorn>.

Í stjórn Festi sitja fimm aðilar, allir óháðir félaginu. Í lok árs 2024 var hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima 40% kvenmenn og hlutfall óháðra stjórnarmeðlima var 100%. Upplýsingar um reynslu stjórnar má finna hér: <https://www.festi.is/stjorn-og-nefndir>

GOV-2 – Information provided to and sustainability matters addressed by the company's administrative, management and supervisory bodies

Tvíþátta mikilvægisgreiningin (e. double materiality assessment) var framkvæmd 2024 og lauk í árslok, þótt vinnu verði haldið áfram á árinu 2025 og reglulega uppfærð samkvæmt gildandi regluverki. Framkvæmdastjórn Festi var upplýst reglulega um aðferðafræði og niðurstöður tvíþátta mikilvægisgreiningar, til dæmis um mat á mikilvægum áhrifum, áhættum og tækifærum. Vegna óvissu um kröfur til sjálfbærniupplýsingagjafar hefur Festi ekki innleitt formlega ferla við upplýsingu niðurstaðna tvíþátta mikilvægisgreiningar til framtíðar.

Niðurstöður tvíþátta mikilvægisgreiningar voru kynntar fyrir endurskoðunarnefnd Festi.

Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar hjá Festi er ábyrgur fyrir áhættumati samstæðunnar, meðal annars sjálfbærniáhættu. Tvisvar á ári fer fram formlegt mat á helstu áhættupáttum í rekstri samstæðunnar. Matið er unnið fyrir hverja rekstrareiningu í samvinnu við stjórnendur þeirra. Árið 2024 var áhersla á sjálfbærniáhættu aukin með því að nýta niðurstöður tvíþátta mikilvægisgreiningar til að fjölga og skerpa á þeim undirflokkum sjálfbærniáhættunnar sem metnir eru. Helstu niðurstöður áhættumatsins hafa verið kynntar fyrir lykilstjórnendum og endurskoðunarnefnd Festi.

Á árinu 2025 hafa tveir lykilmælikvarðar um sjálfbærni verið kynntir í ársfjórðungslegri uppgjörskýningu félagsins fyrir fjárfestum sem og á starfsmannafundum. Uppgjörsglæurnar má einnig nálgast á heimasíðu Festi.

- Fyrri mælikvarðinn mælir beina losun samstæðunnar, sem felur í sér bruna eldsneytis og leka kælimiðla (lekalosun) í umfangi 1.
- Seinni mælikvarðinn er flokkunarhlutfall samstæðunnar og tengist markmiði Festi um að ná 90% flokkunarhlutfalli árið 2030.

GOV-3 – Integration of sustainability-related performance in incentive schemes

Sjálfbærni er samofin stefnu Festi og stefnir félagið á að vera leiðandi í sjálfbærum rekstri á sínu sviði. Með því að tengja árangur í sjálfbærni við árangurstengdar greiðslur lykilstjórnenda sýnir Festi skýra skuldbindingu til að innleiða sjálfbærni í alla starfsemi sína og hafa jákvæð áhrif á rekstrarumhverfið, birgja og samfélagið í heild.

Árið 2024 var árangur í birgjamati samstæðunnar einn af þeim þáttum sem höfðu áhrif á kaupaukagreiðslur framkvæmdastjórnar. Birgjamatið var sent til allra helstu birgja og þjónustuaðila samstæðunnar með það markmið að auka gagnsæi, stuðla að betri sjálfbærniaðgerðum og styrkja ábyrgð í virðiskeðjunni.

GOV-4 – Statement on due diligence

Á árinu 2024 var unnið markvisst að kortlagningu sjálfbærnigagna innan samstæðunnar svo hægt væri að nýta fjárhagsbókhaldskerfi félagsins sem grunn fyrir sjálfbærnibókhald. Með því að tengja upplýsingar úr bókhaldskerfi, vöruupplýsingakerfi og sölukerfi við sjálfbærnibókhaldið verður okkur kleift að greina áhrif starfseminnar á umhverfið með nákvæmari hætti og ná utan um fleiri flokka í losunarbókhaldi.

Samþætting sjálfbærni og fjárhagsbókhalds eykur áreiðanleiki gagna auk þess sem hægt er að miðla og vakta upplýsingar með einfaldari hætti í mælaborðum samstæðunnar. Þar sem fjárhagsbókhald og tilheyrandi ferlar byggja á samþykktum reikningsskilum sem eru reglulega endurskoðaðir, tryggir þessi nálgun að sjálfbærniupplýsingar byggist einnig á endurskoðuðum og traustum gögnum.

Til að sannreyna nákvæmni gagna og ferla mun Festi fá takmarkað álit (e. limited assurance) frá utanaðkomandi endurskoðanda á sjálfbærniupplýsingagjöf félagsins.

GOV-5 – Risk management and internal controls over sustainability

Í kaflanum GOV-2 er fjallað um hvernig Festi hefur unnið að frekari innleiðingu sjálfbærniáhættu í áhættumat samstæðunnar sem framkvæmt er tvisvar á ári.

Festi vinnur markvisst að því að samþætta sjálfbærniáhættu í áhættustjórnun, þróa viðeigandi ferla og innleiða innri staðfestingu á þeim upplýsingum sem verða birtar í sjálfbærnisýrslum til framtíðar.

Umfangsmikil gloppugreiningu var framkvæmd með ráðgjöfum félagsins til að greina hvaða gögn væru þegar tilbúin til birtingar hjá samstæðunni og hvaða gögn krefðust frekari vinnu og upplýsingaöflunar til að hægt væri að birta þau í framtíðinni. Niðurstöður gloppugreiningarinnar leggja grunninn að vegferð samstæðunnar í sjálfbærniupplýsingagjöf.

Strategy

SBM-1 – Strategy, business model, and value chain

Viðskiptalíkan Festi

Festi er eignarhaldsfélag sem á og rekur fyrirtæki sem eru leiðandi hvert á sínum markaði; matvöru-, raftækja-, apóteka-, eldsneytis-, raforkusölu- og þjónustustöðvamárkæði. Fasteigna- og vöruhúsarekstur og kaup og sala verðbréfa er einnig hluti af starfsemi samstæðunnar. Móðurfélagið Festi á dótturfélögin ELKO sem er stærsta raftækjaverslun landsins, Krónuna sem rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Lyfju sem selur lyf, heilsu- og lækningavörur, N1 sem rekur þjónustustöðvar, eldsneytis- og rafmagnssölu og ýmsa þjónustu tengda smur- og bifreiðapjónustu, Yrki eignir sem á og rekur fasteignir samstæðunnar, og Bakkann vöruhótel sem sérhæfir sig í vöruhúsapjónustu og dreifingu.

Framkvæmdastjórn Festi er skipuð forstjóra og framkvæmdastjórum samstæðunnar og fulltrúar Festi skipa jafnframt stjórnir dótturfélaganna.

Meginhlutverk móðurfélags Festi er að stýra fjárfestingum, styðja við verðmætasköpun og skapa ný tækifæri fyrir samstæðuna.

Strategía

Innan samstæðu Festi starfa sex dótturfélög með sjálfstæðar stefnur og strategíur. Áherslur eru þó settar af Festi og hefur sjálfbærni verið ein lykiláhersla samstæðunnar undanfarin ár. Festi vill vera félagið sem þú vilt versla við, starfa hjá og fjárfesta í en með því að huga heildstætt að sjálfbærnimálum hugar félagið betur að þörfum viðskiptavina og samfélagsins, starfsfólks og eigenda.

Félög Festi þjónusta landsmenn með nauðsynjavörur á borð við matvöru, lyf, eldsneyti og raftæki. Sú ábyrgð sem fylgir því að sinna þúsundum viðskiptavina dag hvern kallar á traust, áreiðanleika og framsýni í rekstri og lítur félagið

því á sjálfbærni sem lykilþátt í því að veita viðskiptavinum, starfsfólki og samfélaginu heildræna og ábyrgari þjónustu.

Markvisst er unnið að því að þróa vöruframboð og þjónustu allra félaga samstæðunnar í takti við sjálfbærnimarkmið, hvort sem það er að leiða orkuskipti, draga úr sóun eða styðja við verndun auðlinda. Áhersla er þó lögð á að forgangsraða verkefnum, svo ráðist sé í þau verkefni sem koma til með að hafa mest áhrif fyrst, og taka viðskiptamiðaða nálgun, þar sem hlustað er á þarfir viðskiptavina, eigenda og fjárfesta þegar kemur að aðgerðum í sjálfbærni.

Festi ætlar sér að vera meðal fremstu fyrirtækja á Íslandi í sjálfbærni og hyggst nýta niðurstöður tvíþáttamikilvægisgreiningar til að skerpa enn frekar á áherslum, stefnum og framtíðarsýn félagsins á árinu 2025. Félaginu er ljóst að engar breytingar verða nema með heildstæðu átaki og aðkomu sem flestra starfsmanna. Er því lítið svo á að hér sé um vegferð að ræða þar sem sjálfbærni verður stöðugt mikilvægari hlekkur í menningu og sjálfsmynd félagsins.

SBM-2 – Interests and views of stakeholders

Samskipti við hagaðila og innsýn í hagsmuni

Hjá Festi er lögð áhersla á stöðug og markviss samskipti við hagaðila til að skilja þeirra hagsmuni og sjónarmið. Hagaðilar sem hafa áhrif á stefnumótun og viðskiptamódel Festi eru meðal annars birgjar, viðskiptavinir, eigendur og aðrir sem fyrirtækið hefur áhrif á, þar með talið náttúran sem óbeinn hagaðili.

Við framkvæmd tvíþátta mikilvægisgreiningar fyrirtækisins fóru fram regluleg samtöl við innri hagaðila, sérstaklega ábyrgðaraðila innan rekstrarfélaga, til að meta áhrif, áhættur og tækifæri starfseminnar. Þessi nálgun skilaði ítarlegri yfirferð og meiri nákvæmni niðurstöðum greiningarinnar.

Festi átti einnig í samskiptum við eigendur, hluthafa og fjárfesta til að fá innsýn í þeirra sjónarmið um áhrif, áhættur og tækifæri, sem og markaðsleg sjónarmið. Einnig var stuðst við rannsóknir og greiningar atvinnugreina til að varpa ljósi á sjónarmið hagaðila sem verða fyrir áhrifum af starfsemi Festi.

Fram undan eru enn frekari samskipti við hagaðila. Markmiðið er að dýpka skilning á hagsmunum þeirra og tryggja að Festi taki upplýstar ákvarðanir í takti við þarfir og væntingar samfélagsins.

SBM-3 – Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model

Niðurstaða tvíþátta mikilvægisgreiningar

Á árinu 2024 var lögð rík áhersla á það hjá samstæðunni að dýpka skilning á sjálfbærni í tengslum við starfsemi félagsins. Framkvæmd var tvíþátta mikilvægisgreining en hún felur í sér ítarlega greiningu á áhrifum sjálfbærniþátta á starfsemi samstæðunnar, sem og áhrifum heildarvirðiskenningar samstæðunnar á umhverfi og samfélag. Áhrif á starfsemina felast í því að meta hvernig sjálfbærniþættir eins og loftslagsmál, félagsleg ábyrgð og siðferðileg viðmið hafa, eða gætu komið til með að hafa, bein áhrif á rekstur, hagnað og langtímapróun fyrirtækisins. Áhrif á umhverfi og samfélag felast aftur á móti í greiningu á því hvernig starfsemi Festi og dótturfélaga hefur áhrif á umhverfið, samfélagin sem við störfum í og viðskiptavinum okkar.

Sökum þess hve fjölbreytt vöru- og þjónustuframboð samstæðunnar er, hve stór hópur starfsfólks þar starfar og hve breiðum hópi viðskiptavina félagið þjónar, skapast áhrif, áhættur og tækifæri bæði í aðfanga- og virðiskenningu Festi, sem og í starfsemi félagsins sjálfs. Það er nóg að ákveðinn staðall eða undirflokkur sé metinn mikilvægur fyrir eitt félag samstæðunnar til að hann teljist mikilvægur fyrir samstæðuna og Festi skuli þar af leiðandi birta upplýsingar honum tengdum í skýrslu þessari.

Þessi vinna var liður í vegferð félagsins að innvikla sjálfbærni á öllum sviðum starfseminnar. Niðurstöður greiningarvinnunnar lágu fyrir í lok árs 2024 og eru þegar farnar að hafa áhrif á forgangsröðun aðgerða hjá samstæðunni auk þess sem þær koma til með að hafa áhrif á stefnur samstæðunnar. Eftirfarandi yfirflokkar ESRS teljast mikilvægir (e. material) fyrir samstæðu Festi:

- ESRS E1 - Loftslagsbreytingar
- ESRS E2 - Mengun
- ESRS E3 - Vatns- og sjávarauðlindir

- ESRS E4 - Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi
- ESRS E5 - Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi
- ESRS S1 - Eigin starfsfólk
- ESRS S2 - Starfsfólk í virðisæðjunni
- ESRS S4 - Neytendur og endanotendur
- ESRS G1 – Viðskiptahættir

Fyrir hvern og einn staðal verða sýndar töflur með þeim þáttum sem eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Þar eru sýnd, fyrir hvern þátt fyrir sig, áhrif, áhættur og tækifæri (IROs) sem tengjast stefnu og viðskiptalíkani samstæðunnar.

Stór hluti efnislegra áhrifa félagsins á sér stað í virðisæðju Festi sem nær yfir atvinnugreinar á borð við landbúnað, olíu- og gasvinnslu og námugróft. Þetta á við um margar tegundir umhverfisáhrifa, svo sem í tengslum við loftslagsbreytingar, mengun, vatn, líffræðilega fjölbreytni, auðlindanotkun og úrgang. Að sama skapi geta möguleg áhrif á mannréttindi starfsfólks í virðisæðjunni verið veruleg. Áhætta felst að auki í því að vera háð náttúrulegum og mannlegum auðlindum í virðisæðjunni. Festi mun áfram fylgjast með þróuninni í virðisæðjunni og tryggja að efnisleg áhrif, áhættur og tækifæri séu greind og miðlað á skýran hátt til hagsmunaaðila í samræmi við gildandi regluverk.

Undir starfsemi Festi fellur rekstur margra fyrirtækja og þar af leiðandi fjölmennur hópur starfsfólks. Festi leggur því ríka áherslu á að vera ábyrgur og traustur vinnuveitandi, lágmarka neikvæð áhrif og áhættu en um leið nýta tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á velferð starfsfólks síns. Í ljósi margvíslegrar starfsemi hjá samstæðunni er viðskiptavinahópur félagsins af fjölbreyttum toga. Af þeim sökum skapast óhjákvæmilega mismunandi og mis umfangsmikil áhrif og áhætta, en jafnframt fjölmörg tækifæri, til dæmis tengt því að auka áherslu á sjálfbærni í vöruframboði og huga að lýðheilsu landsmanna.

Á árinu 2024 framkvæmdi Festi í fyrsta skipti tvíþætta mikilvægnigreiningu. Því hafa engar breytingar verið gerðar frá fyrra uppgjörstímabili hvað varðar efnisleg áhrif, áhættur og tækifæri. Festi mun stöðugt uppfæra tvíþætta mikilvægisgreininguna til að samræma hana, meðal annars m.t.t. breytinga í stefnu og viðskiptalíkani félagsins.

Efnisleg áhrif, áhættur og tækifæri Festi falla undir sjálfbærnimálin sem skilgreind eru í ESRS 2, AR 16. Engin sértæk IROs fyrir félagið voru metin sem efnisleg í tvíþættri mikilvægisgreiningunni. Því falla öll áhrif, áhættur og tækifæri, sem útlistuð eru í töflunum í stöðlum, undir upplýsingakröfur ESRS.

Á næstu síðu má sjá niðurstöður fyrir einstaka þætti frá stöðlum sem eru taldir mikilvægir. Til að einfalda framsetningu eru ekki sýndir þættir sem voru ekki metnir sem mikilvægir fyrir Festi.

Milkilvægir Staðlar og þættir			IRO	Milkilvægir Staðlar og þættir			IRO
E1: Loftslagsbreytingar				S1: Eigin starfsfólk			
1	Climate change mitigation	I,R,O	20	Working time			R
2	Climate change adaptation	R	21	Work-life balance			R,O
3	Energy	I,R,O	22	Health and safety			I,R
E2: Mengun				23	Gender equality & equal pay for work of equal value		R,O
4	Pollution of soil	I,R	24	Training and skills development			R,O
5	Pollution of water	I	25	Inclusion of persons with disabilities			I
6	Pollution of air	I	26	Diversity			I,O
7	Substances of concern	I	27	Privacy			R
8	Substances of very high concern	I		S2: Starfsfólk í virðiskeðjunni			
9	Microplastics	I	28	Secure employment			I
E3: Vatns- & sjávarauðlindir				29	Working time		I
10	Water withdrawals	I	30	Adequate wages			I
11	Water consumption	I,R	31	Health and safety			I
E4: Lífræðileg fjölbreytni & vistkefi				32	Violence and harassment		I
12	Climate change	I,R	33	Child labour			I
13	Land-use, fresh water use and sea-use change	I	34	Forced labour			I
14	Pollution	I		S4: Neytendur og endanotendur			
15	Species population size	I	35	Privacy			I,R
16	Impacts and dependencies on ecosystem services	O	36	Access to (quality) information			I,O
E5: Auðlindanotkun & hringrásarhagkerfi				37	Health and safety		I,O
17	Resources inflows, including resource use	I,R,O	38	Protection of children			R
18	Resource outflows	I,R,O	39	Access to products and services			I,O
19	Waste (hazardous & non-hazardous)	I,R,O	40	Responsible marketing practices			R
				G1: Viðskiptahættir			
Immaterial standard			41	Corporate culture			R
S3: Áhrif á samfélög			42	Protection of whistleblowers			R
			43	Animal welfare			I
			44	Management of relationships with suppliers			O
			45	Corruption and bribery			R,O

I

Neikvæð áhrif

R


Fjárhagsleg áhætta

I

Jákvæð áhrif

O

Fjárhagsleg tækifæri



Impacts, risks and opportunity management

IRO-1 – Description of the process to identify and assess material impacts, risks, and opportunities

Tvívátta mikilvægisgreining Festi 2024

Við framkvæmd tvívátta mikilvægisgreiningar Festi árið 2024 var kerfisbundinni nálgun beitt til að meta áhrif, áhættur og tækifæri í virðiskeðju og eigin starfsemi fyrirtækisins. Ferlið fól í sér greiningu á starfsemi, viðskiptasamböndum og landfræðilegri staðsetningu Festi og rekstrarfélaga þess – Bakkans, ELKO, Krónunnar, Lyfju, N1 og Yrkis. Til að tryggja yfirsýn tóku fulltrúar frá öllum rekstrarfélögum þátt í vinnustofum við kortlagningu virðiskeðjunnar og staðfestingu niðurstaðna. Öll stig virðiskeðjunnar – frá hráefnavinnslu til endurvinnslu – voru tekin til greina.

- Fyrri stig (e. upstream) virðiskeðjunnar innihéldu hráefnavinnslu, framleiðslu og flutning vöru.
- Eigin starfsemi náði yfir rekstur og sölu.
- Síðari stig virðiskeðjunnar (e. downstream) fólu í sér neyslu viðskiptavina, úrgangsmál og endurvinnslu.

Kortlagning virðiskeðju og áhrifagreining

Kortlagning virðiskeðjunnar var framkvæmd fyrir hverja rekstrareiningu í samstarfi við viðeigandi starfsfólk og náði yfir lykilstarfsemi, frá hráefnavinnslu til loka líftíma vöru. Í samræmi við ESRS aðferðafræðina var sérstakri athygli beint að megin áhrifasvæðum (e. impact hot spots) frekar en að sérgreina einstaka birgja. Greiningin náði yfir alla virðiskeðjuna og lagði ekki sérstaka áherslu á ákveðin viðskiptasambönd eða landfræðilega staðsetningu en sjónum var beint að uppruna vara og lykilbirgjum í framleiðsluferlinu.

Mikilvægisgreiningin var byggð á fjölbreyttum gögnum, þar á meðal innri gögnum, ytri rannsóknnum og sérfræðiráðgjöf. Til að tryggja gæði matsins var gagnasöfnunarlisti sendur til hagaðila innan fyrirtækisins í upphafi ferlisins auk þess sem stuðst var við óbeinar heimildir, svo sem viðmið um fyrirmyndarstarfshætti og meðaltalsgögn fyrir atvinnugreinar.

Notast var við innri gögn um vörur, sölu, þjónustu og birgja með áherslu á að greina megin áhrifasvæði (e. impact hot spots) frekar en að framkvæma sértæka greiningu á öllum birgjum, í samræmi við aðferðafræði ESRS.

Áhrif, áhættur og tækifæri voru metin með notkun frumgagna (e. primary data) og aukagagna (e. secondary data). Á fyrri stigum virðiskeðjunnar reyndist erfitt að fá nákvæmar upplýsingar um birgja á dýpri stigum (tier 2+). Því var lögð áhersla á tier 1 birgja og þau áhrifasvæði sem tengjast lykilvörum Festi, s.s. raftækjum, eldsneyti og dekkjum. Við mat á áhrifum á samfélag og umhverfi var lögð áhersla á notkun frumgagna frá Festi.

Sjónarmið ytri hagaðila, svo sem eigenda fyrirtækisins, voru tekin inn með viðtölum en innri hagaðilar, fulltrúar frá rekstrarfélögum Festi, tóku virkan þátt í rýni niðurstaðna greiningarinnar. Árið 2025 verður unnið áfram að því að ná utan um sjónarmið fleiri hagaðila, eins og starfsfólks og viðskiptavina til að tryggja rétta forgangsroðun.

Mat á áhættum og tækifærum

Neikvæð áhrif voru metin út frá stærð (e. scale), umfangi (e. scope), óafturkræfni (e. irremediable character) og líkum á að þau kæmu fram (e. likelihood). Jákvæð áhrif voru metin út frá stærð, umfangi og líkum á því að þau myndu eiga sér stað. Festi hannaði matslykil í samræmi við ESRS1, kafla 3.4, til að skilgreina mörk matsins.

Við mat á umhverfisáhrifum var stuðst við almenna nálgun þar sem áhrif voru metin án þess að taka tillit til mótvægisáðgerða. Svipuð nálgun var notuð fyrir samfélagsáhrif, þar sem á þeim tíma lágu ekki fyrir sérstök fyrirmæli frá EFRAG um þessa nálgun.

Fjárhagsleg áhætta og tækifæri

Fjárhagsleg áhætta og tækifæri voru greind í samræmi við kröfur ESRS með áherslu á þær náttúruauðlindir og félagslegu þætti sem Festi reiðir sig á. Áhættur vegna rekstrartruflana, breytinga á regluverki, orðsporsáhrifa og markaðsbreytinga voru metnar með tilliti til áhrifa á fjárhagsstöðu, rekstrarframmistöðu, aðgengi að fjármagni og sjóðstreymi Festi. Mikilvægi áhættu og tækifæra var metið með blöndu af eigindlegri og megindlegri greiningu, í samræmi við ESRS1, kafla 3.5. Þessi greining byggði á líkum og fjárhagslegum áhrifum miðað við ákveðin viðmið.

Mikil áhersla var lögð á að samræma matið við núverandi áhættustýringarkerfi Festi. Í kjölfarið voru sjálfbærnitengdir áhættuþættir felldir inn í almennt áhættustýringarkerfi fyrirtækisins, þar sem þeir voru metnir ásamt öðrum áhættum.

Fjárhagslegir mælikvarðar (e. scoring keys) fyrir áhættur og tækifæri:

50%		50%
Fjárhagsleg áhrif	+	Líkindi
1 Óveruleg		1 Mjög ólíklegt Atvik gerist 5-10 hvert ár
2 Hóflæg		2 Mögulegt Atvik gerist 2-5 hvert ár
3 Mikil		3 Líklegt Atvik gerist 1-2 hvert ár
4 Veruleg		4 Mjög líklegt Atvik gerist 1-4 x á ári

Greining og upplýsingagjöf

Á grundvelli mats á áhrifum, áhættum og tækifærum var framkvæmd gloppugreining (e. gap analysis) út frá gagnalista EFRAG. Greiningin tók mið af niðurstöðum mikilvægismatsins og meginreglum um upplýsingamikilvægi samkvæmt ESRS1.

Niðurstöður gloppugreiningarinnar réðu því hvaða gögn Festi skyldi birta sem hluta af upplýsingagjöf sinni. Ekki voru tiltæk gögn eða upplýsingar fyrir alla gagnapunkta en félagið mun vinna að áframhaldandi gagnasöfnun, útbúa stefnur, mæla árangur og setja sér markmið til að geta aukið upplýsingagjöf í takti við metnað samstæðunnar í sjálfbærni.

Metnaður við val á mikilvægisþröskuldi og skýr forgangsröðun

Þegar niðurstöður fyrir áhrif, áhættur og tækifæri lágu fyrir hófst vinna við að skilgreina mikilvægisþröskuld fyrir Festi til að ákveða hvaða þættir (e. topic) yrðu mikilvægir fyrir Festi og hluti af sjálfbærniupplýsingagjöfinni. Sem dæmi má nefna að hefði Festi valið þröskuldinn 2 (á skalanum 0-4 fyrir áhrifamat) hefðu allir þættir með einkunnina 2 eða yfir flokkast sem mikilvægir fyrir samstæðuna.

Við val á mikilvægisþröskuldi er mikilvægt að hafa hann hvorki of lágan né of háan svo umfang upplýsingagjafar sé hvorki útblásið né of lítið. Sóst var eftir því að velja þröskuld sem tæki mið af áhrifamatinu og ráðgjöf sérfræðinga en gæfi félaginu möguleikann á að forgangsraða þeim þáttum sem vega þyngst og starfsfólk tengdi best við. Við teljum að völdum mikilvægisþröskuldi takist það en matið og þröskuldurinn verða endurskoðuð árlega til að tryggja sem réttasta forgangsröðun og nægt tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila.

IRO-2 – Disclosure Requirements in ESRS covered by the company's sustainability statement

Töflu með yfirliti yfir gagnapunkta má finna fremst í skýrslu þessari á eftir inngangi hennar.

Explanation if other topics are not material

Valkvætt er að upplýsa um þætti sem flokkast ekki mikilvægir. Í þessu tilviki var það flokkur S3 - áhrif á samfélög og verður hann ekki með í þessari skýrslu.

Determining material information

Festi skilgreindi mikilvægisþröskuld til að ákvarða hvaða áhrif, áhættur og tækifæri teldust mikilvæg fyrir samstæðuna og til að meta hvaða sjálfbærniþættir teldust viðeigandi fyrir upplýsingagjöf félagsins.

Við ákvörðun á mikilvægisþröskuldi var tekið mið af leiðbeiningum í ESRS 1, kafla 3.2 og Implementation Guidance 1 (IG 1), sem gefnar eru út af European Financial Reporting Advisory Group (EFRAG). Þröskuldurinn tekur mið af áherslu félagsins um gegnsæi í upplýsingagjöf og tryggir að sjálfbærniupplýsingar fyrirtækisins veiti skýra mynd af áhrifum á samfélag og umhverfi, sem og tengda áhættu og tækifæri. Við mat á mikilvægum sjálfbærniupplýsingum hefur Festi fylgt leiðbeiningum ESRS sem settar eru fram í ESRS 1, viðauka E.

Environment

ESRS E1: Climate change

Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun samtímans og viðbrögð við þeim eru lykilatriði fyrir framtíðarvöxt og viðnámsþrótt Festi. Festi er meðvitað um ábyrgð félagsins, þar sem seldar eru vörur sem hafa veruleg áhrif á loftslag, bæði við framleiðslu þeirra og notkun. N1 er orkufyrirtæki þar sem stærsti hluti tekna kemur af sölu jarðefnaeldsneytis, en félagið hefur þegar hafið vegferð orkuskipta með uppbyggingu hleðslustöðva víðsvegar um landið.

Mikil vinna hefur verið lögð í gagnaöflun til að kortleggja betur losun gróðurhúsalofttegunda í allri virðiskeðjunni og munu þær upplýsingar nýtast sem grunnur fyrir næstu skref í sjálfbærnivægferð félagsins.

Í töflunni hér að neðan hafa allir þættir verið skráðir sem metnir eru mikilvægir fyrir E1. Þar kemur fram hvort þættirnir séu mikilvægir sökum áhrifa, áhættu og/eða tækifæra, hvort um sé að ræða möguleg eða raunveruleg áhrif, hvar í virðiskeðjunni þau koma fram (í efri stigum virðiskeðju, neðri stigum virðiskeðju og/eða eigin rekstri), sem og umfang niðurstaðna. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Climate change mitigation						
Starfsemi í virðiskeðjunni veldur losun	I	R	●		●	Critical
Möguleg fjárhagsleg og ímyndar áhætta ef fyrirtækið dregur ekki úr losun	R					Critical
Að draga úr losun getur eflt ímynd Festi, laðað að neytendum og áhrif á fjármögnun	O					Important
Climate change adaptation						
Skortur á aðlögun að loftslagsbreytingum getur valdið röskun á aðfangakeðju, hærri kostnaði og fjármálaóstöðugleika	R					Critical
Energy						
Starfsemi í virðiskeðjunni getur haft áhrif á orkunotkun	I	R	●		●	Critical
Festi er háð atvinnugeirum sem nota mikla orku	R					Critical
Fjárfestingar í endurnýjanlegum orkugjöfum geta aukið fjárhagslegan stöðugleika og dregið úr kostnaði í framtíðinni	O					Important

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	O: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

E1-1 – Transition plan for climate change mitigation

Sem stendur hefur ekki verið útfærð áætlun um aðlögun vegna mótvægisáðgerða gegn loftslagsbreytingum, sem tryggir að stefna okkar og viðskiptalíkan samræmist umskiptum yfir í sjálfbært hagkerfi og takmörkun á hlýnun jarðar við 1,5 gráður í línu við Parísarsamkomulagið. Undirbúningsvinnu er þó að miklu leyti lokið og markmið verið sett um að ljúka við gerð áætlunar fyrir lok árs 2025.

ESRS 2 IRO-1 – Description of the processes to identify and assess material climate-related impacts, risks and opportunities

Áhrif Festi á loftslagsbreytingar eru metin með því að meta losun gróðurhúsalofttegunda bæði frá eigin starfsemi og í virðiskeðjunni. Við mat á losun er notast við aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol; alþjóðlegs fyrirtækjastaðals fyrir upplýsingagjöf um losun gróðurhúsalofttegunda. Uppgjörð tekur til losunar í eigin starfsemi allra rekstrarfélaga til að fá sem besta yfirsýn yfir loftslagstengd áhrif. Til þess að ná betur yfir áhrif í virðiskeðjunni verður í framtíðinni leitast við að fá gögn beint frá birgjum en það myndi að auki veita nákvæmara mat á bæði mögulegum og raunverulegum áhrifum á loftslagið.

Síðan 2023 hafa loftslagstengdar áhættur verið felldar inn í almennt áhættustýringarkerfi Festi. Áhætturnar eru metnar þvert á samstæðuna með áherslu á ákveðin áhrifasvæði í takti við starfsemi rekstrarfélaga og þær atvinnugreinar sem eru hluti af virðiskeðjum þeirra. Notast er við sömu tímaramma og við framkvæmd tvíaása mikilvægismatsins.

E1-2 – Policies related to climate change mitigation and adaption

Festi hefur sett sér langtímamarkmið um nettólosun núll fyrir árið 2040 og mun vinna áfram að viðeigandi greiningum og aðgerðaáætlun í tengslum við gerð aðlögunaráætlunar (e. transition plan). Sjálfbærnistefna félagsins leggur grunninn að umhverfisstefnum dótturfélaganna en stefnt er að því að ljúka við gerð umhverfisstefna fyrir öll félög samstæðunnar á árinu.

E1-3 – Actions and resources in relation to climate change policies

Mikil vinna var lögð í það á árinu 2024 að kortleggja losun sem á sér stað í virðiskeðjum dótturfélaga Festi við að framleiða, flytja eða nota vörur sem félögin selja til viðskiptavina. Sú vinna er forsenda þess að unnt sé að setja markmið, útfæra aðgerðaáætlun og vakta árangur. Þótt meirihluti losunar komi frá virðiskeðjunni (yfir 99%) hafa fyrirtækin farið í marktækar aðgerðir til að draga úr losun vegna reksturs þeirra:

- Krónan er eina Svansvottaða verslunarkerfið á Íslandi.
- Krónan hélt áfram að skipta út freonkælimiðum, sem hafa hátt kolefnisspor, yfir í kælimiðla með koltvísýringi, sem eru með lægsta mögulega kolefnissporið.
- N1 hefur haldið áfram uppbyggingu hleðsluinnviða fyrir orkuskipti í samgöngum.
- N1 hóf sölu á lífrænum dísil til almennings á þjónustustöð sinni í Fossvogi, fyrst fyrirtækja á Íslandi.
- Fyrirtæki í samstæðunni hófu notkun lífræns dísil á tæki og búnað þar sem áskoranir geta verið í notkun rafmagns.

E1-4 – Targets related to climate change mitigation and adaptation

Festi hefur sett sér langtímamarkmið um nettólosun á árinu 2040 en vinnur nú að framkvæmd markmiða fyrir næstu ár til að tryggja árangur.

Umfang útreikninga á kolefnisspori samstæðunnar hefur verið aukið til að veita betri yfirsýn á stöðu losunar og til grundvallar markmiðasetningunni. Jafnframt hefur félagið nú valið árið 2023 sem viðmiðunarár (e. base year) fyrir losunarmarkmið sín og voru losunargögn því endurreiknuð með stærra umfangi.

Árangur

Umfang	Eining	2024	2023	Breyting (%)
1	tonn CO2 íg	3.126	4.418	-29,2%
2	tonn CO2 íg	434	418	3,7%
3	tonn CO2 íg	901.509	847.515	6,4%
Samtals	tonn CO2 íg	905.069	852.351	6,2%

Fyrir samstæðuna eykst heildarlosun um 6% milli ára vegna aukinnar losunar í umfangi 3. Þessi aukning kemur að mestu leyti til vegna aukinnar sölu eldsneytis hjá N1 en einnig vegna aukinnar vörusölu hjá Krónunni. Bein losun lækkar verulega milli ára eða um 29%. Þótt losun vegna bruna eldsneytis hækki lítillega milli ára hefur bein losun í umfangi 1 lækkað verulega vegna minni leka kælimiðla hjá Krónunni. Þótt leki kælimiðla geti breyst mikið milli ára hafa umskipti Krónunnar yfir í kælimiðla með lágmarkskolefnisspor lagt grunninn að þessum árangri.

E1-5 – Energy consumption and mix

Til að reikna orkunotkun og uppruna er stuðst við gögn úr fjárhagsbókhalði. Gögn eru einnig fengin beint frá birgjum, af mínum síðum fyrirtækja og frá leigusölum húsnæðis þar sem mælar eru ekki skráðir á samstæðuna. Í einhverjum tilfellum er áætlað magn reiknað á grunni fermetrafjölda þar sem gögn liggja ekki fyrir.

Upplýsingar um orkunotkun eiga einungis við eigin rekstur (umfang 1 og 2).

Orkunotkun og uppruni	Eining	2024	2023
Eldsneytisnotkun frá kolum og kolavörum	MWst	-	-
Eldsneytisnotkun frá hráolíu og olíuvörum	MWst	2.209	2.088
Eldsneytisnotkun frá jarðgasi	MWst	-	-
Eldsneytisnotkun frá öðrum jarðefnaeldsneytisgjöfum	MWst	-	-
Notkun á keyptu eða fengnu rafmagni, hita, gufu og kælingu frá jarðefnaeldsneyti	MWst	-	-
Heildarorkunotkun frá jarðefnaeldsneyti	MWst	2.209	2.088
Hlutfall jarðefnaeldsneytis í heildarorkunotkun	%	4%	4%
Notkun frá kjarnorku	MWst	-	-
Hlutfall kjarnorku í heildarorkunotkun	%	0%	0%
Eldsneytisnotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þar á meðal lífmassa (líka með iðnaðarúrgangi af lífrænum uppruna, lífgasi, endurnýjanlegu vetni o.fl.)	MWst	28	-
Notkun á keyptu eða fengnu rafmagni, hita, gufu og kælingu frá endurnýjanlegum orkugjöfum	MWst	50.829	49.092
Notkun á sjálfframleiddri, eldsneytislausri, endurnýjanlegri orku	MWst	-	-
Heildar endurnýjanleg orkunotkun		50.856	49.092
Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun	%	96%	96%
Heildarorkunotkun		53.065	51.180
Orkunýtni miðað við nettótekjur			
Heildarorkunotkun frá starfsemi í hááhrifageirum loftslagsmála miðað við nettótekjur frá starfsemi í hááhrifageirum loftslagsmála	MWst / MISK kr	0,32	0,33

Til að tryggja samanburð milli ára eru nettótekjur reiknaðar með tekjum Lyfju fyrir allt árið 2024 og 2023 þótt félagið hafi komið inn í samstæðu Festi um mitt ár 2024. Þetta er gert til að gæta samræmis þar sem orkunotkun miðar við allt tímabilið.

E1-6 – Gross Scopes 1, 2, 3 and Total GHG emissions

Taflan sýnir heildarlosun og niðurbrot eftir umfangi og flokkum.

Losun gróðurhúsalofttegunda Umfang 1, 2 & 3	Eining	2024	2023 (Grunnár)	% breyting
Umfang 1	tCO₂ íg	3.126	4.418	-29%
Brúni eldsneytis	tCO ₂ íg	531	513	4%
Leki kælimiðla	tCO ₂ íg	2.596	3.905	-34%
Umfang 2 - Location Based & Market Based	tCO₂ íg	434	418	4%
Rafmagn	tCO ₂ íg	184	185	0%
Heitt vatn	tCO ₂ íg	249	234	7%
Umfang 2 - Market Based	tCO₂ íg	249	234	7%
Rafmagn	tCO ₂ íg	-	-	-
Heitt vatn	tCO ₂ íg	249	234	7%
Umfang 3	tCO₂ íg	901.509	847.515	6%
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta	tCO ₂ íg	333.051	311.149	7%
Flokkur 3: Eldsneyti & orka	tCO ₂ íg	153	142	8%
Flokkur 4: Flutningur & dreifing – fyrri stig	tCO ₂ íg	2.402	2.380	1%
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri	tCO ₂ íg	912	920	-1%
Flokkur 6: Viðskiptaferðir	tCO ₂ íg	87	66	33%
Flokkur 9: Flutningur & dreifing – síðari stig	tCO ₂ íg	103	78	32%
Flokkur 11: Notkun seldra vara	tCO ₂ íg	564.722	532.699	6%
Flokkur 12: Förgun seldra vara	tCO ₂ íg	19	18	4%
Flokkur 13: Leigðar fasteignir	tCO ₂ íg	60	63	-6%
Samtals losun gróðurhúsalofttegunda (Location Based)	tCO₂ íg	905.069	852.351	6%
Samtals losun gróðurhúsalofttegunda (Market Based)	tCO₂ íg	904.885	852.166	6%
Losunarkræfni tekna (Location Based)	tCO ₂ íg/MISK	5,46	5,50	-1%

Changes in definition of the reporting boundary

Á árinu 2024 hóf Festi að nota rafræna reikninga og fjárhagsbókhald félagsins til að reikna kolefnisspor samstæðunnar. Þannig má tryggja samræmingu á fjárhags- og sjálfbærnisbókhaldi og auka sjálfvirkni og gegnsæi í útreikningum og gögnum.

Lyfja kom inn í samstæðuna um mitt ár 2024 en áhrif þess og tengdar breytingar eru útskýrðar í GOV-1.

Á árinu bætti félagið einnig verulega við útreikninga á kolefnisspori í virðiskeðjunni. Við bættist losun vegna:

- Vöruframleiðslu og þjónustu þeirra vara sem við seljum
- Vöruflutninga
- Förgun raftækja frá ELKO
- Leigðra fasteigna

Stuðst er við Greenhouse gas Protocol við útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda.

Disclosure on gross Scope 1 GHG emissions

Umfang 1 er reiknað út frá heildareldsneytisnotkun félaganna, sem fæst af rafrænum reikningum og úr sölukerfi N1 á eldsneyti. Losunarstuðlar fyrir eldsneyti eru reiknaðir út frá öllu seldu magni hjá N1 á viðeigandi ári með íblöndunartölum hvers árs. Losunarstuðlar eldsneytis byggja á stuðlum frá Umhverfisstofnun og DEFRA þegar ekki eru til viðeigandi stuðlar hjá Umhverfisstofnun.

Fyrir leka kælimiðla byggja magntölur kælimiðla á rafrænum reikningum og gögnum frá þjónustuaðilum. Losunarstuðlar byggja á stuðlum Umhverfisstofnunar og frá DEFRA.

- Umhverfisstofnun
- DEFRA 2024 & 2023

Engin losun í umfangi 1 kemur frá „regulated emission trading schemes“.

Disclosure on gross Scope 2 GHG emissions

Umfang 2 er reiknað með gögnum af rafrænum reikningum og beint frá birgjum fyrir rafmagn og heitt vatn. Festi og dótturfélög eiga og leigja margar eignir og getur því flækjustig vegna gagna verið mikið. Fyrir ákveðnar leigueignir er stuðst við meðaltalsnotkun á hvern fermetra, annars staðar þarf að treysta þarf á álestur utanaðkomandi aðila á mælum og loks getur þurft að skipta upp notkun eftir hlutfalli fermetra af heildarhúsnæði. Mikil vinna hefur átt sér stað til að gera vinnu sjálfvirkari og tryggja aukinn áreiðanleika í framtíðinni. Notast er við losunarstuðla frá Umhverfisstofnun og gögn frá Orkustofnun til að aðgreina orkutöpu.

Festi og dótturfélög keyptu upprunavottorð fyrir alla rafmagnsnotkun árið 2024 og er því stuðst við losunastuðla fyrir rafmagn sem 0 fyrir markaðstengda losun rafmagns (e. market based emissions).

Disclosure on gross Scope 3 GHG emissions

Mikil vinna átti sér stað við að reikna kolefnisspor virðisheðjunnar hjá samstæðunni. Þetta á við kolefnisspor vegna framleiðslu, flutninga og notkunar á þeim vörum sem samstæðan selur. Einnig er reiknað kolefnisspor vegna förgunar raftækja sem ELKO selur. Með þessu fáum við skýra mynd af heildarkolefnisspori samstæðunnar og verðum betur í stakk búin til að takast á við framtíðina. Stuðst er við hina ýmsu losunarstuðla til þess að reikna kolefnisspor, meðal annars stuðla fengna beint frá birgjum fyrir ákveðinn hluta vöruflutninga.

Hér er listi yfir þá losunastuðla sem stuðst er við í útreikningum:

Útgefendur stuðla	Útgáfa
Umhverfisstofnun	6.0.2
Department for Energy Security and Net Zero	Greenhouse gas reporting: conversion factors 2024
Concito	The big climate database v.1.2
U.S. EPA Office of Research and Development (ORD)	Supply Chain Greenhouse Gas Emission Factors v1.3

Aðgreining eftir flokkum skv Greenhouse Gas Protocol

Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta

Gögn eru fengin úr fjárhagsbókhalda félaga samstæðunnar og innihalda útreikninga fyrir ELKO, Krónuna, Lyfju og N1. Fyrir þær vörur sem hægt var að tengja við losunarstuðla úr þeim gagnagrunnum sem Festi notar, var losun reiknuð út frá seldu magni. Magni er alltaf breytt í kg til að geta reiknað losun. Fyrir önnur tilfelli var notast við svokallaða „spend based“ nálgun og eru þá viðeigandi losunarstuðlar í losun á hvern dollara árið 2022 (kg CO₂ íg/2022\$ umbreytt í kg CO₂ íg/krónu til að reikna losun fyrir vörusölu á viðeigandi ári með tilliti til gengisbreytinga og þróun vísitölu neysluverðs.

Stuðst er við selt magn frekar en keypt magn þar sem losun gróðurhúsalofttegunda endurspeglar betur tengingu við nettótekjur af vörusölu samstæðunnar. Einnig byggist losun reiknuð fyrir síðari stig virðisheðjunnar, t.d. losun við notkun eldsneytis, á sama grunni og endurspeglar þau áhrif sem starfsemi félagsins hefur á hverju ári.

Flokkur 3: Eldsneyti & orka

Stuðst er við magntölur úr fjárhagsbókhalda N1, fyrir bæði magn notað innan samstæðu sem og selt magn. Útskýringar um hvernig gögn fyrir rafmagnsnotkun eru áætluð má finna í umfjöllun um umfang 2.

Flokkur 4: Flutningur & dreifing – efri stig virðisheðju

Festi byggir útreikninga á losun á gögnum sem fengin eru frá flutningsaðilum. Í einhverjum tilfellum er notast við DEFRA stuðla fyrir vöruflutninga en einnig upplýsingar um losun frá flutningsaðilum. Festi mun halda áfram á þessari vegferð og afla gagna frá fleiri flutningsaðilum. Gögn fyrir vöruflutninga Lyfju eru takmörkuð en unnið verður að því að ná betur utan um gögn fyrir félagið.

Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri

Upplýsingar um úrgangsflokka og magn koma af rafrænum reikningum félagsins og upplýsingum beint frá birgjum. Úrgangsflokkar eru svo tengdir við viðeigandi stuðla hjá Umhverfisstofnun og DEFRA.

Flokkur 6: Viðskiptaferðir

Viðskiptaferðir innihalda einungis flugferðir og byggja á bókuðum reikningum í fjárhagsbókhalði. Þegar reikningar berast til samstæðunnar er bókaður fjöldi farþega, flugfélag og flugleggir. Losunarstuðlar fyrir kolefnisspor flugleggja eru fengnir frá ICAO sem byggir á raungögnum flugfélaga. Séu flugleggir ekki til innan ICAO er notast við DEFRA stuðla, t.d. fyrir flug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Flokkurinn viðskiptaferðir fyrir árið 2023 inniheldur ekki losun frá Lyfju.

Flokkur 9: Flutningur & drefing – neðri stig virðisæðju

Gögn eru fengin frá flutningsaðilum sem má lesa um í útskýringu fyrir Flokk 4 að ofan. Kolefnisspor fyrir vöruflutninga Krónunnar er í Umfangi 1 og 2 þar sem Krónan sér sjálf um vöruflutninga. Upplýsingar um vöruflutninga ELKO til viðskiptavina, sem fara með Pósti eða Flutningaþjónustunni, eru fengnar frá Bakkanum. Vegalengdir eru reiknaðar út frá pósthúmerum og tengdar við losunarstuðla DEFRA fyrir vöruflutninga.

Flokkur 11: Notkun seldra vara

Notast er við sölugögn frá fjárhagsbókhaldskerfum samstæðunnar fyrir vörusölu. Einungis er reiknuð losun vegna notkun eldsneytis og raffleðslu hjá N1. Öll losun er reiknuð út frá magni.

Flokkur 12: Förgun seldra vara

Byggir á upplýsingum um þyngd vara hjá ELKO eða áætlaðri meðalþyngd vöru fyrir vöruflokk. Notast er við upplýsingar um endurnýtingarhlutfall raftæka á Íslandi og DEFRA stuðla.

Flokkur 13: Leigðar fasteignir

Byggir á sömu gögnum og aðferðafræði og lýst er í umfangi 2.

E1-7 – GHG removals and GHG mitigation projects financed through carbon credits

Festi kolefnisjafnar losun frá rekstri samstæðunnar, skilgreint sem umfang 1, 2 auk úrgangs og viðskiptaferða úr umfangi 3. Einungis eru keyptar vottaðar einingar á móti losun rekstrar en að auki voru keyptar 147 óvottaðar einingar frá fyrirtækinu SoGreen. Verkefni þeirra snýr að því að mennta og efla stúlkur í fátækum ríkjum og styður þannig samtímis við félagslega þætti og umhverfisþætti.

Festi fjárfesti í eftirfarandi einingum fyrir losun frá rekstri 2024:

- 3.419 vottaðar kolefniseiningar í Gold standard verkefninu Clean Cooking Project for Refugees, Host Communities, and Other Marginalized Communities in Bangladesh. Frekari upplýsingar [hér](#).
- 1.140 vottaðar kolefniseiningar í Gold standard vindorkuverkefninu Elmali Wind Power Plant í Tyrklandi, árgerð 2020 í verkefni nr. GS4442. Frekari upplýsingar [hér](#).

GS12114 Bangladess eldavélarverkefnið er Gold standard vottað verkefni, hannað til að bæta lífskjör viðkvæmra hópa í Bangladess, þar á meðal flóttafólks og annarra jaðarhópa. Margir þessara hópa treysta á hefðbundnar eldavélar sem nota lífmassa og valda mikilli innanhúsmengun, sem leiðir til alvarlegra heilsufarsvandamála, sérstaklega meðal kvenna og barna.

Með því að dreifa hreinum, sparneytnum eldavélum dregur verkefnið úr mengun innandyrna, minnkar tíðni öndunarfarasjúkdóma og dregur úr hættu á bruna og öðrum eldamennskutengdum slysum.

Auk umhverfis- og heilsufarslegs ávinnings styður verkefnið við efnahagslega og félagslega valdeflingu. Þar sem minni tími fer í eldsneytissöfnun fá konur og börn betra aðgengi að menntun, atvinnu og samfélagslegri þátttöku. Með áherslu á sjálfbærar og hagnýtar lausnir stuðlar verkefnið að betri lífsgæðum fyrir þúsundir fjölskyldna og tryggir þeim heilbrigðari og öruggari framtíð.

Verkefni í vottaðri nýskógrækt

Festi hefur lokið gróðursetningu í vottaðri nýskógrækt á eignarlandi sínu að Fjarðarhorni í Hrútafirði. Verkefnið fól í sér gróðursetningu um 430 þúsund trjáplantha á um 180 hektara landsvæði en þar af voru um 124 þúsund trjáplöntur gróðursett árið 2024.

Verkefnið gerði Festi að fyrsta fyrirtækinu á Íslandi til að skuldbinda sig til að skrá kolefnisbindingu í Loftslagsskrá Íslands samkvæmt kröfum gæðakerfis Skógarkolefnis. Var það staðfest með undirritun verksamnings við Loftslagsskrá Íslands og Land og skóg (áður Skógræktin).

Verkefnið er nú í vottunarferli og er gert ráð fyrir að því ljúki á fyrri hluta ársins 2025. Nú þegar gróðursetningu er lokið verður árangur metinn, meðal annars með tilliti til lifunar plantna, og hugsanlegar íbætur framkvæmdar. Þá er möguleiki á að bæta við 20-30 þúsund trjáplöntum innan skilgreinds svæðis, sem myndi auka heildarfjölda plantna sem og áætlaða kolefnisbindingu. Unnið yrði að því að afla plantna og tryggja verktaka fyrir þessa viðbótargróðursetningu á vormánuðum eða sumri 2025.

Kolefnisbinding með skógrækt hefur reynst árangursrík aðferð sem skapar virðisaukandi afleiðingar. Auk þess að stuðla að bindingu kolefnis miðar Festi að því að styðja við atvinnusköpun á svæðinu, sem og að efla útivist og hreyfingu með aðstöðu á svæðinu, s.s. bekkjum og borðum fyrir gesti.

Samkvæmt uppfærðri áætlun er gert ráð fyrir að kolefnisbinding Festi á verkefnatímanum (50 ár) muni nema um 52 þúsund tonnum af CO₂, en þessi tala gæti hækkað verði viðbótargróðursetning framkvæmd. Þegar trén hafa náð nægum vexti, eftir um 5-10 ár, verður binding kolefniseininga metin og vottuð af óháðum aðila, sem gerir Festi kleift að virkja einingarnar og telja á móti losun samstæðunnar.

E1-8 – Internal carbon pricing

Festi er ekki með innra kolefnisverð.

E1-9 – Anticipated financial effects from material physical and transition risks and potential climate-related opportunities

Festi hefur ekki hafið vinnu við að meta fjárhagslegt umfang vegna mögulegrar áhættu og tækifæra.

ESRS E2: Pollution

Félög Festi eru meðvituð um þá mengun sem bæði reksturinn og seldar vörur geta haft á umhverfið. Í þessari skýrslu verður að hluta til upplýst um þá þætti sem snúa að mengun frá eigin starfsemi en hún er fyrst og fremst hjá N1, sem rekur eldsneytis- og þjónustusölu um land allt. Ekki verður greint frá mögulegum áhrifum í virðiskeðjunni, en helstu mengunarþættir þar eru:

Loftmengun:

Olíu- og gasiðnaður (N1), námuvinnsla og framleiðsla raftækja losa hættuleg efni (NO_x, SO₂, VOCs) sem rýra loftgæði og geta haft neikvæð áhrif á heilsu manna og vistkerfi.

Vatnsmengun:

Námuvinnsla, málmvinnsla, olíuiðnaður og lyfjaframleiðsla (N1, ELKO, Lyfja) geta mengað vatn með þungmálmum, borvökvum og spilliefnum. Matvælaframleiðsla og landbúnaður (Krónan, N1, Lyfja) geta losað áburð og skordýraeitur í vatn, sem hefur áhrif á lífríki og vatnsgæði.

Jarðvegmengun:

Námuvinnsla og iðnaður (ELKO, Lyfja, Krónan, N1) geta losað þungmálma og eiturefni sem skemma jarðveg. Landbúnaður og fiskeldi geta stuðlað að mengun vegna notkunar á áburði og skordýraeitri.

Aðrar hættur:

Olíuafurðir (N1) og þungmálmur í málmvinnslu (N1, ELKO, Bakkinn) ógna umhverfi og heilsu. Efni eins og PFAS eru langlíf og hættuleg. Örplast frá snyrtivörum og umbúðum (Krónan, Lyfja, N1, ELKO) stuðlar að plastmengun í náttúrunni.

Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Pollution of soil						
Olíulekar geta ógnað ímynd N1, tekjum og reglufylgni, sem leiðir til aukins kostnaðar og eftirlits	R					Critical
Starfsemi í virðisæðjunni getur valdið jarðvegsmengun, sem skaðar heilsu og umhverfi	I	M	●		●	Important
Pollution of air						
Starfsemi í virðisæðjunni getur losað mengandi efni út í andrúmsloftið	I	M	●		●	Important
Pollution of water						
Starfsemi í virðisæðjunni getur valdið mengun vatns	I	M	●		●	Important
Substances of concern						
Landbúnaður og stálframleiðsla geta valdið mengun skaðlegra efna	I	M	●			Important
Substances of very high concern						
Starfsemi í virðisæðjunni getur haft neikvæð áhrif á umhverfið	I	M	●			Important
Microplastics						
Plastframleiðsla getur valdið míkroplastmengun við förgun (end-of life)	I	M		●	●	Important

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	I: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

E2-1 – Policies related to pollution

Festi er með sjálfbærnistefnu sem fjallar meðal annars um mengun.

E2-2 – Actions and resources related to pollution

Hjá Festi erum við meðvituð um ábyrgðina sem fylgir því að reka starfsemi sem getur verið mengandi. Félagið fylgir ströngum reglum til að uppfylla skilyrði starfsleyfa, og N1 lítur mengunaróhöpp, sem kunna að verða vegna starfseminnar, alvarlegum augum. Þegar slík atvik koma upp er tafarlaust gripið til aðgerða til að lágmarka áhrif þeirra.

Sala og dreifing eldsneytis felur í sér mengunaráhættu, en það er á ábyrgð félagsins að sinna forvörnum og eftirliti til að draga úr líkum og áhrifum mögulegs tjóns. Lekamál eru þó fátíð. Komi upp slík mál eru skýrir verkferlar virkjaðir, þar sem málið er rannsakað, meðal annars með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga, eins og verkfræðistofa, til að meta umfang og útbreiðslu mengunar.

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn mengunaróhöppum eru fjölbættar. Meðal annars er reglulegt rýrnunareftirlit haft með geymum, auk þess sem nýstárlegur sífengdur vöktunarbúnaður er notaður. Þar að auki sinnir Olíudreifing reglulegri yfirferð á eldsneytisbúnaði félagsins til að tryggja hámarksöryggi.

E2-3 – Targets related to pollution

Festi hefur sett sér markmið um engin umhverfisslys í starfsemi félagsins og mun halda því markmiði til streitu.

E2-4 – Pollution of air, water and soil

Í lok árs 2024 varð olíuleki hjá N1 á Húsavík. Brugðist var við og komið í veg fyrir frekari leka. Eftirlitsaðilum á svæðinu var tilkynnt um atvikið og málið unnið í nánú samstarfi við Olíudreifingu og eftirlitsaðila. Rannsókn á umfangi er ekki lokið vegna frosts í jörðu. Jarðvegssýni verða tekin næsta vor til að tryggja að engar leifar hafi orðið eftir.

Ekki hefur verið hafin vinna við að greina mikróplast eða aðra mengun frá vörum í virðiskeðju félaganna. Félagið er meðvitað um möguleg áhrif og mun hefja vinnu við gagnasöfnun og áhrifamat í samræmi við gildandi reglugerðir og lög.

E2-5 – Substances of concern and substances of very high concern

Festi fylgir lagalegum kröfum varðandi upplýsingagjöf til yfirvalda, starfsfólks og viðskiptavina fyrir hættuleg efni sem fyrirtækið selur. Notkun hættulegra efna var metin mikilvæg vegna mögulegra áhrifa í virðiskeðjunni, en Festi hefur ekki kortlagt þau áhrif nánar.

E2-6 – Anticipated financial effects from material pollution-related risks and opportunities

Festi hefur ekki hafið vinnu við að meta mögulega fjárhagslega áhættu eða tækifæri.

ESRS E3: Water and marine resources

Félagið er meðvitað um þau áhrif sem bæði eigin rekstur og vöruframboð okkar geta haft á vatnsauðlindir, bæði innan virðiskeðjunnar og í okkar daglegu starfsemi. Í þessari skýrslu er greint frá helstu þáttum sem snúa að vatnsnotkun í eigin rekstri.

Vatnsauðlindir skipta félagið miklu máli, þar sem bæði rekstur Festi og aðfangakeðja félagsins reiða sig á hreint og aðgengilegt vatn. Bæði vatnsnotkun og áhrif á vatnsbúskap geta verið umtalsverð við framleiðslu og notkun þeirra vara sem samstæðan selur.

Dótturfélög Festi (Krónan, Lyfja, N1 og ELKO) hafa bein og óbein áhrif á vatnsnotkun í virðiskeðjunni, einkum í eftirfarandi geirum:

- **Olíu- og gasvinnsla (N1):** Þessi starfsemi er vatnsfrek, getur verið mengandi og eykur loftslagsáhrif með tilheyrandi áhrifum á vatnsbúskap.
- **Landbúnaður** (Krónan, Lyfja, N1): Notar um 70% af ferskvatni heimsins og hefur viðtæk áhrif á vatnsauðlindir, bæði vegna áveitukerfa og áburðarnotkunar.
- **Námuvinnsla** (ELKO, Lyfja, N1): Getur mengað vatn með þungmálum og öðrum mengunarefnum, auk þess sem djúpvinnsla á olíu getur haft langvarandi áhrif á vatnsbúskap.
- **Fiskeldi og veiðar** (Krónan, N1, Lyfja): Getur haft umtalsverð áhrif á haf- og vatnavistkerfi, meðal annars með mengun, súrefnisskort og þörungablóma.

Vinna er hafin við að fylgjast með vatnsnotkun samstæðunnar og stuðla að ábyrgari nýtingu vatns í samræmi við sjálfbærnistefnu Festi.

Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Water withdrawals						
Námuvinnsla, stálframleiðsla og efnaiðnaður geta nota mikið vatn	I	P	•		•	Important
Water consumption						
Starfsemi í virðiskeðjunni, sérstaklega við framleiðslu getur notað mikið vatn	I	P	•	•		Critical
Vatnsnotkun Festi getur valdið auknum kostnaði	R					Important

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	•: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

E3-1 – Policies related to water and marine resources

Festi og dótturfélög framfylgja sjálfbærnistefnu Festi og tileinka sér ábyrga auðlindanýtingu í rekstri. Ekki hefur verið sett sérstök stefna tengt vatnsnotkun. Það verður krefjandi áskorun að afla gagna fyrir þenna málaflokk í virðiskeðjunni.

E3-2 – Actions and resources related to water and marine resources

Festi hefur ekki innleitt sérstakar aðgerðir til að draga úr vatnsnotkun í eigin rekstri eða virðiskeðjunni. Hins vegar gerir Svansvottun Krónunnar ákveðnar kröfur um orkunotkun, þar á meðal um notkun heits vatns í verslunum. Vottunin inniheldur einnig lágmarkskröfur vegna sölu á lífrænum vörum, sem hafa jákvæð áhrif á vatnsnýtingu og mengun.

Lífrænt vottaðar vörur stuðla að sjálfbærari vatnsnotkun og minni vatnsmengun vegna umhverfisvænni ræktunaraðferða. Með bættri jarðvegsheilsu, minni notkun tilbúinna efna og skilvirkari vökvunarkerfum er lífræn framleiðsla oft vatnssparandi og hefur jákvæð áhrif á vistkerfi.

Festi hefur hafið vinnu við að mæla og vakta vatnsnotkun innan samstæðunnar. Þessi gagnaöflun mun mynda grunn fyrir mótun markvissra aðgerða til að bæta vatnsnýtingu og draga úr neikvæðum áhrifum á vatnsauðlindir.

E3-3 – Targets related to water and marine resources

Ekki hafa verið sett sérstök markmið fyrir vatnsnotkun hjá samstæðunni. Festi tekur saman vatnsnotkun (heitt og kalt vatn) og hefur hafið vinnu við frekari gagnaöflun fyrir vatnsnotkun.

Til að reikna vatnsnotkun er stuðst við gögn úr fjárhagsbókhalda samstæðunnar. Gögn eru einnig fengin beint frá birgjum, af mínum síðum fyrirtækja og frá leigusölum húsnæðis þar sem mælar eru ekki skráðir á samstæðuna. Í einhverjum tilfellum er áætlað magn út frá fermetrafjölda þar sem gögn liggja ekki fyrir.

Upplýsingar um vatnsnotkun eiga einungis við eigin rekstur (umfang 2).

Taflan sýnir vatnsnotkun reksturs

Notkun	Eining	2024	2023
Heitt vatn	m ³	574.405	538.175
Kalt vatn	m ³	278.028	235.032

E3-5 – Anticipated financial effects from material water and marine resources-related risks and opportunities

Fjárhagsleg áhrif vegna mögulegrar áhættu eða tækifæra hafa ekki verið metin.

ESRS E4: Biodiversity

Festi er meðvitað um hve háð við erum náttúrunni og auðlindum hennar við framleiðslu þeirra vara sem félagið selur. Þar má helst nefna:

- **Landbúnaðarafurðir:** Matvæli
- **Skógræktarafurðir:** Pappír, notaður fyrir umbúðir, merkingar, bleyjur og hreinsivörur
- **Jarðefnaeldsneyti:** Sala beint, en einnig notað við framleiðslu á plasti, sem er nauðsynlegt fyrir umbúðir, lækningatæki og lyf
- **Vatn:** Mikilvæg auðlind fyrir allar okkar vörur

Festi og dótturfélög þess geta haft veruleg neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni í virðiskeðjunni í gegnum landnotkunarbreytingar, mengun og auðlindanýtingu. Atvinnugreinar eins og olíu- og námuvinnsla (N1 og ELKO) og landbúnaður (Krónan) hafa mikil áhrif á líffræðilega fjölbreytni, en mikill meirihluti þeirra nauðsynjavara sem dótturfélög Festi selja koma frá þessum atvinnugreinum.

Við framkvæmd tvíþátta mikilvægisgreiningar voru áhrif kortlögð í gegnum greiningu á vöruframboði og virðiskeðjum Festi og dótturfélaga. Helstu mögulegu neikvæðu áhrif á líffræðilega fjölbreytni voru metin sem:

- **Eyðilegging búsvæða:** Olíu- og gasvinnsla, námuvinnsla, landbúnaður og skógrækt geta valdið jarðvegseyðingu, skógareyðingu og eyðileggingu vistkerfa.
- **Mengun:** Loft- og vatnsmengun frá iðnaðarstarfsemi skaðar vistkerfi. Einnig getur notkun áburðar og skordýraeiturs haft neikvæð áhrif á lífverur.
- **Fækkun dýrategunda:** Hávaðamengun, eyðilegging búsvæða og útsetning fyrir mengandi efnum raskar dýralífi.
- **Jarðvegseyðing:** Ósjálfbær ræktun og námuvinnsla stuðla að eyðimerkurmyndun og jarðvegseyðingu.
- **Röskun vistkerfa:** Atvinnugreinar sem eru háðar líffræðilegri fjölbreytni (t.d. landbúnaður og lyfjaiðnaður) ógna þeim vistkerfum sem þær nýta til framleiðslu á vörum.

Áhrifin sem voru greind og metin mikilvæg fyrir Festi eru í flestum tilfellum metin út frá mögulegum áhrifum (potential impact) frekar en fjárhagslegum áhrifum. Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Climate change						
Losun gróðurhúsalofttegunda frá ýmsum iðngreinum hefur áhrif á líffræðilega fjölbreytni	I	R	•		•	Critical
Losun Festi getur haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni og falið í sér fjárhagslega áhættu	R					Significant
Land-use, fresh water use and sea-use change						
Námuvinnsla, auðlindanýting og landbúnaður eyðileggja búsvæði, trufla vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni	I	M	•			Important
Pollution						
Starfsemi í virðiskeðju Festi getur valdið mengun og rýrt líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi	I	M	•		•	Important

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Species population size						
Námuvinnsla getur haft áhrif á dýrategundir	I	M	•			Important
Impacts and dependencies on ecosystem services						
Sjálfbærir starfshættir geta aukið seiglu, dregið úr kostnaði og efla traust fjárfesta	O					Important

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	O: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

Mikil þekking hefur myndast innan samstæðunnar á líffræðilegum fjölbreytileika og vinnur nú Festi að frekari gagnaöflun til að geta greint betur frá áhrifum sínum í samræmi við gildandi regluverk. Þetta mun verða mikil áskorun þar sem uppruni mögulegra áhrifa á sér stað framarlega í virðiskeðjunni og hrávörur og framleiðsla fara oft í gegnum marga milliliði áður en hún berst til félagsins.

E4-1 – Transition plan and consideration of biodiversity and ecosystems in strategy and business model

Sem stendur er ekki til áætlun um aðlögun fyrir líffræðilegan fjölbreytileika, sem tryggir að stefna okkar og viðskiptalíkan séu í samræmi við Kunming-Montreal Global Biodiversity Framework eða the EU Biodiversity Strategy for 2030.

E4-2 – Policies related to biodiversity and ecosystems

Unnið er að frekari gagnaöflun til að geta greint betur frá áhrifum samstæðunnar í samræmi við gildandi regluverk.

Sjálfbærnistefna Festi og siðareglur birgja og þjónustuaðila hvetja til ábyrgrar auðlindanýtingar og lágmarkun áhrifa á umhverfið, en ekki er fjallað sérstaklega um líffræðilegan fjölbreytileika.

E4-3 – Actions and resources related to biodiversity and ecosystems

Festi og dótturfélög þess stigið skref til að draga úr áhrifum sínum á umhverfið í gegnum vöruframboð:

- **Krónan** er eina dagvöruverslunin á Íslandi sem er Svansvottuð. Svansvottun krefst ákveðins hlutfalls af sölu lífræna vara, umhverfisvottaðra hreinsivara og vara með aðrar sjálfbærnivottanir (s.s. FairTrade, Rainforest Alliance). Slíkar vottanir tryggja rekjanleika og stuðla að sjálfbærari framleiðsluferlum.
- **N1** býður upp á bílaþvott þar sem er notast við Svansvottuð hreinsiefni að hluta.
- **N1** hóf sölu á lífrænum dísil á þjónustustöð sinni í Fossvogi og var þar með fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að bjóða slíkt eldsneyti til almennings. Lífræni dísillinn er framleiddur af Neste og ber ISCC-vottun, sem tryggir meðal annars rekjanleika virðiskeðjunnar, lágmarkaða losun gróðurhúsalofttegunda og að framleiðslan stuðli hvorki að skógarreyðingu né röskun á landsvæðum með mikla líffræðilega fjölbreytni.
- **Lyfja** tekur á móti lyfjum til förgunar í stað þess að þau séu send í urðun eða endi í umhverfinu með öðrum hætti.

E4-4 – Targets related to biodiversity and ecosystems

Festi lauk vinnu við tvíþátta mikilvægisgreiningu í lok árs 2024 og hefur ekki sett sér markmið að svo stöddu.

E4-5 – Impact metrics related to biodiversity and ecosystems change

Hefur ekki verið metið.

E4-6 – Anticipated financial effects from biodiversity and ecosystem-related risks and opportunities

Fjárhagsleg áhrif vegna mögulegrar áhættu eða tækifæra hefur ekki verið metin.

ESRS E5: Resource use and circular economy

Festi leggur áherslu á að hámarka nýtingu hráefna til að lágmarka soun og er meðvitað um áskoranirnar framundan. Helstu áhrif vegna efnisnotkunar og hringrásar eiga sér stað í virðiskeðjunni okkar, við framleiðslu vara og/eða við enda líftíma þeirra hjá viðskiptavinum okkar.

Til að hringrásarlausnir beri árangur er nauðsynlegt að allir lykilaðilar í virðiskeðju okkar sjái gildi þess að færa sig frá línuleguviðskiptamódeli í hringrásarviðskiptamódel.

Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Resources inflows, including resource use						
Starfsemi í virðiskeðjunni getur haft áhrif á auðlindanotkun, þar á meðal óendurnýjanlegar auðlindir	I	R	●			Critical
Festi er háð notkun óendurnýjanlegra auðlinda sem getur valdið verulegri fjárhagslegri áhættu	R					Important
Að skipta yfir í endurnýjanlegar og endurunnar auðlindir getur skapað fjárhagsleg tækifæri	O					Significant
Resource outflows						
Starfsemi í virðis- og aðfangakeðju hafa áhrif á auðlindir (frá Festi), þar á meðal skort á hringrásarhagkerfislausnum	I	R			●	Critical
Skortur á hringrásarháttum (e. circularity) getur skapað fjárhagslega og lagalega áhættu fyrir Festi	R					Important
Aðgerðir sem auka hringrás getur lækkað kostnað, bætt ímynd og laðað að fjárfesta	O					Significant
Waste (hazardous & non-hazardous)						
Aðgerðir í virðis- og aðfangakeðju hafa áhrif á förgun úrgangs, þar á meðal hættulegs úrgangs	I	R	●	●	●	Critical
Meðhöndlun hættulegs úrgangs getur skapað fjárhagslega áhættu og dregið úr trausti fjárfesta	R					Important
Skilvirk meðhöndlun hættulegs úrgangs getur bætt fjárhagslega frammistöðu og ímynd fyrirtækis	O					Significant

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	I: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

E5-1 – Policies related to resource use and circular economy

Sjálfbærnistefna Festi leggur áherslu á ábyrga auðlindanýtingu og innleiðingu hringrásarhagkerfisins í starfsemi fyrirtækisins. Markmiðið er að lágmarka umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum, meðal annars með því að:

- Tryggja ábyrga og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda.
- Draga úr kaupum á vörum með óþarfa umbúðum, minnka úrgangsmyndun og bæta flokkun og endurvinnslu með mælanlegum hætti.
- Leita leiða til að lágmarka matarsóun og önnur afföll á vörum með stuttan geymslupólstíma.
- Styðja við hringrásarhagkerfið með aukinni endurnýtingu og endurnotkun hráefna.
- Auka framboð og hlutdeild umhverfisvænni vara og þjónustu fyrir viðskiptavinum.

Til að styðja við áframhaldandi umbætur í þessum málaflokki mun Festi nýta niðurstöður og gögn úr tvíþátta mikilvægisgreiningu til mótnar á framtíðarstefnu sinni.

E5-2 – Actions and resources related to resource use and circular economy

Árangur í auðlindanýtingu og hringrásarhagkerfi ræðst að miklu leyti af aðgerðum dótturfélaga Festi. Hér eru nokkur dæmi um hvernig þau vinna markvisst að þessum málum:

Krónan – Svansvottun og minnkun matarsóunar

Krónan er Svansvottuð og leggur sérstaka áherslu á sölu lífrænna og umhverfisvottaðra vara, svo sem Svansvottaðra vara og þeirra sem bera Evrópublómið. Þessar vörur fara í gegnum ströng vottunarferli sem tryggja betri nýtingu hráefna, sjálfbæra landnýtingu og rekjanleika, meðal annars frá vottaðri skógrækt.

Krónan hefur jafnframt unnið markvisst að því að greina og draga úr matarsóun. Með því að fylgjast náið með innkaupum og sölu daglega er unnt að lágmarka rýrnun. Sérstök áhersla er lögð á að hámarka nýtingu með verkefninu Síðasti séns, þar sem starfsfólk hefur heimild til að lækka verð á vörum sem nálgast fyrningardagsetningu, hafa skaddaðar umbúðir eða eru að hætta í sölu. Ef varan selst ekki á lægra verði er hún boðin viðskiptavinum frítt. Aðeins þegar varan er orðin óhæf til neyslu er hún flokkuð sem lífrænn úrgangur.

Með þessum aðgerðum tókst Krónunni að bjarga 2.126.736 matvælum á síðasta ári sem annars hefðu farið forgörðum vegna rýrnunar, útlitsgalla eða skemmdra umbúða.

ELKO – Endurvinnsla raftækja

ELKO hefur í samstarfi við eistneska fyrirtækið Foxway þróað lausnir til að koma notuðum raftækjum í hringrásarhagkerfið. Með þessu verkefni kaupir ELKO raftæki af viðskiptavinum, sem síðan eru annaðhvort endurnýtt eða endurunnin á ábyrgan hátt. Foxway tryggir að enginn hluti raftækjanna fari til spillis, heldur sé hver einasti smáhlutur endurunnin eða endurnotaður.

Árið 2024 keypti ELKO 4.357 raftæki af viðskiptavinum og bætti þeim við tækjaflæði sem þegar er til staðar frá eigin rekstri.

Frekari upplýsingar og fleiri dæmi um aðgerðir í auðlindanýtingu og hringrásarhagkerfi má finna í sjálfbærniskýrslum dótturfélaga Festi.

E5-3 – Targets related to resource use and circular economy

Festi hefur sett sér metnaðarfull markmið um flokkunarhlutfall í eigin rekstri. Markmið ársins 2024 var að ná 80% flokkunarhlutfalli, með langtíamarkmið um 90% árið 2030. Í kjölfar þess að sjálfbærnibókhald samstæðunnar var látið byggja á fjárhagsbókhaldi samstæðunnar var flokkunarhlutfall ársins 2023 endurreiknað og leiddi það í ljós að hlutfallið hafði verið ofáætlað. Leiðrétt flokkunarhlutfall fyrir árið 2023 var 72% (en ekki 77,5%) og reyndist 80%

markmið þar af leiðandi of hátt. Árið 2024 hækkaði flokkunarhlutfall samstæðunnar þó um 5 prósentustig, úr 72% í 77%.

Flokkunarhlutfall hefur verið skilgreint sem lykilmælikvarði samstæðunnar og undirstrikar mikilvægi þess í rekstri. Þessi mælikvarði hefur verið kynntur ásamt öðrum sjálfbærnimælikvörðum í ársfjórðungsuppgjörum samstæðunnar og birtur bæði starfsfólki og utanaðkomandi hagsmunaaðilum.

Til að styðja við frekari bætingu hefur Festi hafið vinnu við þróun mælaborðs fyrir allan úrgang innan samstæðunnar. Með þessu móti verður hægt að greina úrgang og flokkunarhlutfall nákvæmlega eftir staðsetningum og fyrirtækjum, sem mun auðvelda okkur enn markvissari aðgerðir til úrbóta.

Dótturfélög Festi hafa sett sér sértæk markmið um flokkun úrgangs til að stuðla að árangri. Auk þess má nefna að Krónan leggur mikla áherslu á að lágmarka matarsóun í eigin rekstri og hefur einnig sett sér markmið í þeim efnum. Fyrirtækið hefur að auki skuldbundið sig til að draga úr magni almenns sorps, en nánari upplýsingar um þessi markmið er að finna í sjálfbærnisráðgjöf Krónunnar.

Sem stendur hafa ekki verið sett sérstök markmið fyrir efnanotkun í vörum eða áhrif á viðskiptavinum, en unnið er að frekari stefnumótun á þessum sviðum. Þessi vinna mun byggjast á niðurstöðum tvíþátta mikilvægisgreiningar og verða skilgreind markmið sett á næstu árum.

E5-4 – Resource inflows

Festi selur fjölbreyttar vörur sem geta krafist töluverðrar notkunar auðlinda við framleiðslu, þar má nefna:

Rafeindatæki krefjast umfangsmikillar nýtingar hráefna og innihalda sjaldgæf efni eins og sjaldgæfa jarðmálma (REE), sem eru ómissandi fyrir hátæknibúnað. Auk þess innihalda þau kóbalt og líþíum, sem eru lykilhráefni í líþíumjónarafhlöður. Þótt notkun endurunnins efnis í rafeindatækjum fari vaxandi er hlutfallið breytilegt eftir efnisgerð og íhlutum.

Eldsneytisvörur byggja að miklu leyti á óendurnýjanlegum auðlindum, svo sem hráolíu og jarðgasi. Hins vegar eru til vistvænni valkostir, meðal annars lífeldsneyti úr úrgangsefnum. Sem dæmi má nefna að N1 notar og selur lífrænan dísil sem hluta af íblöndun í eldsneyti, en einnig sem sjálfstæða vöru fyrir viðskiptavinum.

Smávörur fela í sér fjölbreytta hráefnanotkun, þar á meðal matvæli, umbúðir og efnavörur. Umbúðir skipta hér lykilhlutverki og mynda stóran hluta hráefnisnotkunar í þessum vöruflokki. Greinin hefur í auknum mæli beitt sér fyrir notkun endurunnins efnis og minni umbúðanotkun. Meðalhlutfall endurunnina efna í helstu umbúðategundum er:

- Plast: 10–50%
- Pappi: 50–100%
- Gler: 20–80%

Þar sem ákvarðanir um hráefnanotkun eiga sér stað hjá framleiðendum og birgjum áður en vörur koma í sölu hjá samstæðu Festi, hefur verið ákveðið að hefja kortlagningu á hráefnum í vöruúrvali í samræmi við gildandi regluverk.

Með þessu stefnumótandi skrefi hefur sjálfbær auðlindanýting verið sett í enn meiri forgang og verður unnið að því að bæta hringrásarhagkerfið í gegnum bæði rekstur og virðiskeðju.

E5-5 – Resource outflows

Líkt og með innstreymi hráefna stendur Festi frammi fyrir margvíslegum áskorunum í hráefnisústreymi, þar sem áhrif og árangur ráðast að stórum hluta af aðilum í virðiskeðjunni. Hráefni og vörur sem fyrirtækið selur fara í mismunandi ferli við lok líftíma síns, allt eftir vöruflokki og samsetningu efna.

Rafeindatæki og endurvinnsla

Rafeindatæki eru að hluta til endurvinnanleg við lok líftíma, en endurvinnsluferlið er oft flókið og háð gerð og samsetningu tækisins. Alþjóðlega er talið að einungis um 25% af raftækjaúrgangi fari í endurvinnslu, en á Íslandi er hlutfallið um 44%.

ELKO hefur gripið til sérstakra aðgerða til að bæta endurnýtingu raftækja. Í fyrsta skipti hefur fyrirtækið áætlað magn raftækja, búnaðar og umbúða sem það selur með gögnum fyrir árin 2023 og 2024. Þessi greining gerir kleift að meta það magn sem fer aftur í hringrás, en samkvæmt tölum frá Úrvinnslusjóði eru 43% raftækja endurunnin hjá viðurkenndum þjónustuaðilum.

Til viðbótar býður ELKO viðskiptavinum að skila stærri raftækjum við móttöku nýrra tækja. Fyrirtækið er einnig í samstarfi við eistneska endurvinnslufyrirtækið Foxway, sem kaupir notuð raftæki af viðskiptavinum og tryggir að þau fari í hringrásarkerfi raftækja. Þar eru tækin annaðhvort endurnýtt eða endurunnin á ábyrgan hátt, og tryggt að hver einasti smáhlutur sé nýttur án þess að nokkuð fari til spillis. Á árinu 2024 keypti ELKO 4.357 raftæki af viðskiptavinum, auk tækja sem koma beint úr eigin rekstri.

Eldsneyti og efnahringrás

Eldsneyti er notað til orkuvinnslu og umbreytist í lofttegundir og önnur aukaefni við notkun. Þess vegna er ekki hægt að endurvinnna það í hefðbundnum skilningi. Hins vegar hefur N1 tekið upp lífrænan dísil sem íblöndunarefni og sem sjálfstæða eldsneytisvöru, en hvort tveggja stuðlar að sjálfbærari orkunotkun.

Neysluvörur og endurvinnsluáskoranir

Margar neysluvörur eru endurvinnanlegar við lok líftíma síns, en endurvinnsluhæfni þeirra ræðst af vörugerð, efnasamsetningu og innviðum endurvinnslu á hverjum stað.

- **Plastumbúðir** geta verið endurunnar og fer það eftir tegund plasticsins. Algengustu endurunnu plastefnin eru PET (pólýetýlen terephthalat) og HDPE (hádensitets pólýetýlen), en önnur, eins og PVC (pólývínýlklóríð) og lágpéttni plastefni, eru erfiðari í endurvinnslu.
- **Pappir og pappaubúðir** eru almennt endurvinnanlegar og nýtast í framleiðslu nýrra pappírsafurða.
- **Matarsóun** er ekki endurvinnanleg sem slík, en með moltugerð er hægt að umbreyta lífrænum úrgangi í næringarríka moltu.

Krónan hefur sett sér umbúðastefnu, sem er aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins, og vinnur að því að allar nýjar vörur beri Fenúr-merkingar. Fenúr er samnorðnað merkingarkerfi sem auðveldar neytendum að flokka umbúðir og koma þeim í réttan farveg til endurvinnslu. Innleiðing á þessu kerfi hófst árið 2023.

Lyfjavörur – sértækar áskoranir í úrgangsstjórnun

Lyfjavörur skapa sérstakar áskoranir við lok líftíma þeirra vegna:

- Hættu á umhverfismengun
- Strangra reglugerða
- Flókinna efnasamsetninga

Sum lyfjafyrirtæki og samtök hafi þróað sértækar lausnir til meðhöndlunar á úrunnum lyfjum en beinast þær að öruggri förgun frekar en endurvinnslu.

Stefnumótun Festi í úrgangsstjórnun

Festi og dótturfélög þess, önnur en Krónan, hafa ekki sett sér markmið eða aðgerðaáætlun fyrir úrgang eða hráefni sem verða til hjá viðskiptavinum þeirra. Þó er unnið að því að kortleggja áhrif í þessum málaflokki og móta framtíðarstefnu með tilliti til hringrásarhagkerfisins.

Taflan að neðan sýnir þyngd raftækja sem ELKO seldi á árinu 2023 og 2024. Gögnin eru úr fjárhagskerfi ELKO.

Resource inflow and outflow	Eining	2024	2023
Heildarþyngd raftækja, rafbúnaðar og umbúða sem voru seldar hjá ELKO	kg	78.047	75.739

Waste from own operations (Úrgangur frá eigin rekstri)

Úrgangsstraumar Festi eru fjölbreyttir og samanstanda að mestu leyti af rekstrarúrgangi, svo sem umbúðum, matvælum, olíuleifum og úrgangi úr olíuskiljum frá þjónustustöðvum N1. Stór hluti úrgangs kemur frá dekkjaverkstæðum N1, þar sem viðskiptavinum er boðið að skila notuðum dekkjum til endurvinnslu. Að sama skapi tekur ELKO við raftækjaúrgangi frá viðskiptavinum til að tryggja að hann fari í réttan farveg.

Heildarúrgangur samstæðunnar lækkaði lítillega milli ára, en flokkunarhlutfall jókst um 5 prósentustig og náði 77% árið 2024. Aukin yfirsýn með mælaborðum og vöktun hefur lagt traustan grunn að því að ná langtíamarkmiðum samstæðunnar um úrgangsminnkun og bættu flokkun (>90% árið 2030).

Úrgangur frá rekstri	Eining	2024	2023	% Breyting
Heildarúrgangur	tonn	4.939	4.961	0%
Flokkað	tonn	3.827	3.597	6%
Hættulaus úrgangur	tonn	3.812	3.579	7%
- Undirbúningur fyrir endurnotkun	tonn	3.601	3.496	3%
- Brennt	tonn	0	0	45%
- Brennt til orkunýtingar	tonn	20	11	85%
- Landfylling	tonn	190	72	163%
- Annað	tonn	-	-	0%
Hættulegur úrgangur	tonn	15	17	-11%
Óflokkað	tonn	1.112	1.364	-18%
Hættulaus úrgangur	tonn	978	1.204	-19%
- Undirbúningur fyrir endurnotkun	tonn	-	-	0%
- Undirbúningur fyrir endurnýtingu	tonn	-	-	0%
- Brennt	tonn	6	-	
- Brennt til orkunýtingar	tonn	502	683	-26%
- Landfylling	tonn	469	521	-10%
- Annað	tonn	-	-	0%
Hættulegur úrgangur	tonn	125	160	-22%
Flokkunarhlutfall	%	77%	72%	
Endurvinnslu/endurnýtingarhlutfall	%	85%	84%	
Geislavirkur úrgangur	tonn	0	0	0%
Hættulegur úrgangur	tonn	140	178	-21%

Festi notar upplýsingar af rafrænum reikningum og gögn beint frá þjónustuaðilum til að halda utan um upplýsingar um úrgang frá rekstri. Upplýsingarnar byggja á raungögnum og vigtuðu magni. Þar sem upplýsingar eru um rúmmál úrgangs er umreiknað í þyngd út frá meðaltalstölum. Félagið vinnur að gerð mælaborða fyrir öll félög til að vakta betur úrgang og tryggja aukinn árangur. Festi notar upplýsingar frá þjónustuaðilum um endafarveg efna.

E5-6 – Anticipated financial effects from resource use and circular economy-related impacts, risks and opportunities

Fjárhagsleg áhrif vegna mögulegrar áhættu eða tækifæra hafa ekki verið metin.

Social

S1: Own Workforce

Það er mikilvægt fyrir Festi og rekstrarfélög að vera eftirsóknarverðir vinnustaðir sem laða að og halda í hæft og traust starfsfólk. Áhersla er lögð á jafnrétti á vinnustað og málefnaleg og sanngjörn samskipti en samstæðan líður ekki hvers kyns einelti, ofbeldi eða áreitni og hefur sett sér viðbraðgsáætlun því tengdu. Kappkostað er að tryggja ánægju, öryggi og vellíðan starfsfólks með góðum aðbúnaði á vinnustað ásamt reglulegri fræðslu og þjálfun. Reglulega eru framkvæmdar vinnustaðagreiningar til að mæla líðan á vinnustað og sömuleiðis er fylgst með þróun á ánægju viðskiptavina með ýmsum hætti. Hjá Festi er rekin núll-slysastefna, sem þýðir að engin slys eru ásættanleg. Árlega eru haldin öryggis- og vinnuverndarnámskeið til að efla öryggis- og heilsuvitund starfsmanna ásamt fyrirlestrum tengdum heilsu, samskiptum og vellíðan á vinnustað. Festi er í samstarfi við Siðferðisgáttina sem gefur starfsmönnum samstæðunnar möguleika á að koma því á framfæri, á öruggan hátt við þriðja aðila, verði þeir fyrir óæskilegri framkomu eða upplifa vanlíðan á vinnustað.

Öll félög samstæðunnar eru jafnlaunavottuð samkvæmt ÍST 85:2012 staðli og kröfum Jafnréttisstofu. Það staðfestir að hjá félaginu er starfsfólki sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf ekki mismunað í launum. Festi og rekstrarfélög hafa innleitt Velferðarpakka sem snýst um heildræna nálgun á velferð starfsmanna. Markmiðið er að auka lífsgæði, stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu og minnka líkur á sjúkdómum og fjarvistum vegna veikinda hjá starfsmönnum samstæðunnar.

Festi og rekstrarfélög styðja við og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend lög sem og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í allri starfsemi félagsins. Samstæðan virðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafnar með öllu mannréttindabrotum svo sem nauðungar- og þrælkunarvinnu, þar með talin barnaþrælkun.

Starfsfólk Festi er lykillinn að árangri félagsins. Við leggjum áherslu á að vera heilsueffandi vinnustaður og styðjum við starfsfólk okkar með öflugum fræðslustarfi og áherslu á jafnrétti og jöfn tækifæri. Festi rekur yfir 200 starfsstöðvar hringinn í kringum landið og starfsfólk samstæðunnar telur tæplega 2.800 manns á öllum aldri og af yfir 60 þjóðernum. Við metum fjölbreytileika hvort sem er í aldri, kyni eða þjóðerni og virðum ávallt réttindi starfsfólks.

ESRS 2 SBM-3 – Material impacts, risks and opportunities and their interaction with strategy and business model

Tvítíu mikilvægisgreiningin leiddi í ljós tvö helstu neikvæðu áhrif fyrirtækisins á mannauð. Hið fyrra varðar heilsu og öryggi, þá sérstaklega starfsfólks sem sinnir störfum sem fela í sér líkamlegt erfiði og bera aukna áhættu á vinnuslysum sem geta valdið líkamstjóni. Slík störf og áhrif eru hluti af viðskiptamódeli Festi sem krefst slíkra starfa, og eru sérstaklega mikilvæg í rekstrarfélögunum N1, Krónunni og Bakkanum. Hið seinna tengist ofbeldi og áreitni á vinnustað. Vegna eðlis starfseminnar og mikilla samskipta við viðskiptavini er áhætta á atvikum sem fela í sér áreitni, einelti eða ofbeldi. Slíkar aðstæður geta leitt til bæði andlegs og líkamlegs skaða fyrir starfsfólk.

Tvítíu mikilvægisgreiningin leiddi sömuleiðis í ljós tvö jákvæðu áhrif á mannauð sem snúa að jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir öll, sérstaklega þegar kemur að fjölbreytileika og inngildingu einstaklinga með skerta starfsgetu. Bæði áhrifin má rekja til átaksverkefna sem snúa að því að efla fjölbreytileika og auka inngildingu.

Þær áhættur sem greindar voru tengjast jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir öll (e. equal treatment and opportunities for all), vinnuskilyrðum (e. working-conditions) og persónuvernd (e. privacy). Þessar áhættur eiga rætur að rekja til stefnu og viðskiptamódelis Festi, einkum vegna þess að starfsemi fyrirtækisins er háð mannaflafrækum störfum sem krefjast beinna samskipta við viðskiptavini. Áhersla á kostnaðarhagkvæmni þegar kemur að mannauðsmálum getur leitt til áskorana á borð við langan vinnutíma, ójafnvægi milli vinna og einkalífs, skort á þjálfun og ójafnar launaþróunar sem getur haft áhrif á framleiðni og hlítu við regluverk.

Auknar kröfur í regluverki, sérstaklega á sviðum eins og heilsu og öryggismálum, persónuverndar og jafnlauna, geta aukið líkur á fjárhags- og orðsporsáhættu sé þeim ekki stýrt á skilvirkan hátt. Áhersla á vellíðan í starfi, starfsþróunarmöguleika og sanngjörn laun eru lykilþættir til að skapa aðlaðandi vinnustaði og halda í hæft starfsfólk, en án þess eru meiri líkur á aukinni starfsmannaveltu, tengdum kostnaði og truflunum í rekstri. Að auki geta fyrirtæki sem eru í beinum samskiptum við viðskiptavini verið í aukinni áhættu tengdri áreitni á vinnustað, orðsporsáhættu og lagalegri ábyrgð sem getur haft neikvæðu áhrif á fjárhagslega frammistöðu til lengri tíma lítið.

Þau tækifæri sem voru greind tengjast sömuleiðis vinnuskilyrðum og jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir öll. Þessi tækifæri spretta út frá stefnum og viðskiptamódeli Festi. Stefna sem leggur áherslu á vellíðan og lágmörkun

starfsmannaveltu getur ýtt undir jafnvægi milli vinnu og einkalífs og ennfremur undir aukna starfsánægju ásamt því að draga úr kostnaði vegna starfsmannaveltu. Áhersla Festi á inngildingu leiðir til aukinnar fjölbreytni starfsfólks sem getur styrkt ákvarðanatöku og stuðlað að auknum árangri í rekstri.

Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Working time						
Langur og óstöðugur vinnutími eykur hættu á kulnun, starfsmannaveltu og lakari fjárhagslegri frammistöðu	R					Important
Work-life balance						
Ójafnvægi milli vinnu og einkalífs dregur úr framleiðni, eykur starfsmannaveltu og skaðar ímynd fyrirtækisins	R					Significant
Heilbriggt jafnvægi milli vinnu og einkalífs eykur ánægju, tryggð starfsmanna og framleiðni	O					Important
Health and safety						
Líkamlega erfið vinna eykur slyshættu og mögulegan líkamlegan skaða	I	R		•		Significant
Vinnuslys geta skapað lagalega ábyrgð, fjárhagslegt tap og skaðað ímynd fyrirtækis	R					Important
Gender equality and equal pay for work of equal value						
Launamunur kynja getur skapað lagalega áhættu, skaðað ímynd fyrirtækis og fjárhagslegan stöðugleika	R					Significant
Jafnrétti kynja og jöfn laun bæta ímynd fyrirtækis, laða að hæfileikaríkt starfsfólk og styrkja fjárhag	O					Significant
Training and skills development						
Ófullnægjandi þjálfun eykur starfsmannaveltu og hefur neikvæð áhrif á fjárhagslega frammistöðu	R					Significant
Þjálfun starfsfólks getur aukið framleiðni, skilvirkni og dregið úr kostnaði vegna starfsmannaveltu.	O					Significant
Employment and inclusion of persons with disabilities						
Góð starfsskilyrði og inngilding starfsfólks með skerta starfsgetu stuðlar að aukinni velferð einstaklinganna og jákvæðum áhrifum á samfélagið	I	R		•		Important
Measures against violence and harassment in the workplace						
Ofbeldi og áreitni á vinnustað geta valdið andlegum og líkamlegum skaða	I	R		•		Significant
Ofbeldi og áreitni á vinnustað getur skapað lagalega, fjárhagslega og ímyndartengda áhættu	R					Important
Diversity						
Að stuðla að fjölbreytni hefur jákvæð áhrif á vinnuafli og teymisanda	I	R		•		Significant

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Fjölbreytni eykur nýsköpun, ákvarðanatöku og fjárhagslega frammistöðu						Important
Privacy						
Ófullnægjandi meðhöndlun gagna getur skapað hættu á sektum, lagalegum vandamálum og skaðað ímynd		R				Important

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	I: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

S1-1 – Policies related to own workforce

Festi hefur sett sér siðareglur, sjálfbærnistefnu, mannauðsstefnu, jafnréttisstefnu og jafnlaunastefnu. Stefnurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Festi, www.festi.is, og í starfsmannahandbókum á innri vef fyrirtækisins.

Í siðareglum félagsins og sjálfbærnistefnu kemur fram að hjá Festi er kappkostað að tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks félagsins með góðum aðbúnaði á vinnustað, fræðslu og þjálfun. Viðurkenndum öryggis- og heilsuverndarstöðlum er fylgt. Starfsfólk skal vera umburðarlynt, taka tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfa hæfileikum hvers og eins að njóta sín. Stuðlað er að jafnrétti á vinnustað og starfsfólk skal vera málefnalegt og sanngjarnt í öllum sínum samskiptum. Hvorki einelti né önnur áreitni er liðin hjá félaginu.

Í mannauðsstefnu er lögð áhersla á faglegar ráðningar í samræmi við jafnréttisstefnu, starfsþróun og fræðslu með öflugum innra fræðslustarfi og góðri móttöku nýliða. Áhersla er lögð á jafnrétti, upplýsingagjöf, góða vinnuaðstöðu, góðan starfsanda og heilsu og vellíðan starfsfólks.

Jafnréttis- og jafnlaunastefna félagsins lýsir vilja félagsins til að tryggja að hver starfsmaður sé metinn að verðleikum og hvers kyns mismunun sé ekki liðin. Virkt jafnlaunakerfi er hjá samstæðunni sem tryggir að gætt sé jafnréttis við launaákvæðanir og unnið að stöðugum úrbótum tengt jafnlaunastaðli.

Öll félög Festi eru með öryggisnefnd sem í sitja bæði fulltrúar stjórnenda og starfsfólks. Hlutverk öryggisnefndar er að skipuleggja aðgerðir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins og tryggja fræðslu um öryggismál.

S1-2 – Processes for engaging with own workforce and workers' representatives about impacts

Hjá Festi er áhersla lögð á góða upplýsingagjöf til starfsfólks en það er talinn lykilþáttur í að byggja upp góða fyrirtækjamenningu og starfsanda þar sem starfsfólki líður vel. Það er stöðug áskorun að miðla upplýsingum til starfsfólks í framlínu á dreifðum starfsstöðvum. Áskorunin felst ekki síst í að ná til starfsfólks þar sem það er og að það gefi sér tíma til að skoða upplýsingar sem miðlað er. Stöðugt þarf því að vanda framsetningu upplýsinga og tryggja að þær séu viðeigandi og gagnist þeim hópum sem samskiptin eiga við.

Daglega er átt í samskiptum við starfsfólk og fréttum og upplýsingum miðlað í gegnum innri samskiptakerfi Relesys, Workplace og Teams. Að auki eru ársfjórðungslegir starfsmannafundir þar sem farið er yfir stöðu félagsins, markmið og framfarir. Áhersla er lögð á að stjórnendur dótturfélaga fundi reglulega með sínu fólk og að allt starfsfólk fái reglubundin starfsmannasamtöl til að stuðla að opnum samskiptum og styðja við starfsþróun og faglegan vöxt starfsfólks.

Síðustu ár hafa dótturfélög Festi unnið að því að efla fræðslustarf sitt með aukinni nýliðafræðslu og faglegri símenntun. Allt erlent starfsfólk Festi hefur nú aðgang að starfstengdu íslenskunámi í gegnum appið Bara tala. Allt starfsfólk Festi og dótturfélaga hefur einnig aðgang að fjölda rafrænna námskeiða sem snúa að upplýsingatækni, stjórnendabjálfun, þjónustu og sölu, heilsuefningu og vinnuvernd í samstarfi við Akademias.

Árlega eru framkvæmdar vinnustaðagreiningar til að taka stöðuna á starfsfólki og fá endurgjöf á starfsánægju, starfsmhverfi, samskipti á vinnustað, stjórnun, starfsþróun, sveigjanleika og einelti og áreitni. Reglulegar

vinnustaðagreiningar veita innsýn í upplifun starfsfólks og hjálpa við forgangsröðun umbótaverkefna sem styðja við uppbyggingu fyrirtækjamenningar sem einkennist af metnaði, samstarfi og vellíðan í vinnu.

Áhersla er einnig lögð á að stjórnendur og mannauðsstjórar félaganna séu aðgengilegir og að starfsfólk geti leitað eftir ráðgjöf og stuðningi þegar á þarf að halda. Engar skrifstofur eru í höfuðstöðvum Festi og stjórnendur sitja ávallt með sínum teymum sem hjálpar þeim að hafa púlsinn á sínu teymi og vera til staðar fyrir starfsfólk. Öll félög samstæðunnar eru með mannauðsstjóra og þau sem skipa mannauðsteymi samstæðunnar starfa saman að innleiðingu og framgangi mannauðsstefnu félagsins.

S1-3 – Processes to remediate negative impacts and channels for own workforce to raise concerns

Hjá Festi er lögð áhersla á fyrirbyggjandi fræðslu varðandi heilsu og öryggi starfsfólks. Boðið er upp á mánaðarlega fyrirlestra sem fjalla meðal annars um ýmislegt heilsutengt, þar á meðal tengt fjárhagslegri og félagslegri heilsu.

Festi tekur virkan þátt í heilsueffandi viðburðum á borð við Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna og Reykjavíkumaraþonið og er starfsfólk hvatt til að huga að heilsu sinni og taka þátt.

Þegar kemur að öryggismálum er lögð áhersla á fræðslu og vitund starfsfólks til að byggja upp öfluga öryggismenningu og stöðugt er leitast við að bæta árangur þar. Árlega er svokallaður öryggismánuður, þar sem lögð er áhersla á öryggisþjálfun og fræðslu til að efla vitund starfsfólks.

Til að koma í veg fyrir einelti og áreitni og stuðla að því að starfsfólk upplifi sálrænt öryggi er í gildi virk áætlun gegn ofbeldi, einelti og áreitni. Starfsfólk getur leitað til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra eða ytri aðila ef atvik koma upp og er fylgst með þróun slíkra mála í árlegum vinnustaðagreiningum.

S1-4 – Taking action on material impacts on own workforce, and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to own workforce, and effectiveness of those actions

Skýr markmið hafa verið sett varðandi starfsánægju og er fylgst með þróuninni í gegnum vinnustaðagreiningar. Markvisst er unnið með niðurstöður úr mælingum til að bæta starfsumhverfi og aðbúnað.

Reglulega eru framkvæmdar jafnlaunagreiningar og jafnframt er virkt jafnlaunakerfi hjá samstæðunni til að koma í veg fyrir óútskýrðan kynbundinn launamun.

Hjá samstæðunni starfar fjölbreyttur hópur fólks, margt ungt og þar á meðal einstaklingar sem ekki tala íslensku og eru að aðlagast íslensku samfélagi. Áhersla er lögð á að styðja við þessa hópa og byggja upp skilning hjá stjórnendum á þörfum þeirra. Markmiðið er að tryggja að unga fólkið okkar upplifi sig öruggt í vinnunni og sé frætt um réttindi sín og skyldur í starfi. Stutt er við erlent starfsfólk með íslenskukennslu og aðgengi að upplýsingum á sem flestum tungumálum og kallað er eftir túlkum til stuðnings þegar á þarf að halda. Hjá Festi starfar einnig pólskumælandi ráðgjafi með mannauðsteymum til að styðja við stjórnendur í samskiptum við starfsfólk til að tryggja skilning og góð samskipti og koma í veg fyrir neikvæð áhrif og misskilning tengt menningarmun.

Heilsa og vellíðan starfsfólks er lykilþáttur í velgengni félagsins og er starfsfólki boðið upp á velferðarþakka í samstarfi við Heilsuvernd. Í gegnum velferðarþjónustuna getur starfsfólk bókað tíma hjá sálfræðingum, annarri heilsutengdri ráðgjöf (fjölskylduráðgjöf, sjúkráþjálfun) eða ítarlegum heilsufarmælingum. Einnig er boðið upp á árlegan íþróttastyrk til að hvetja starfsfólk til að huga að heilsunni.

Festi vill hafa skýr markmið og mælikvarða tengt heilsu og vellíðan starfsfólks til að tryggja að þær aðgerðir og fyrirbyggjandi fræðsla sem fjárfest er í skili sér í bættri velferð starfsfólks. Unnið er því að móta velferðarvísitölu Festi og félaga og stefnt að birtingu þess mælikvarða þegar farið verður yfir árangur yfirstandandi rekstrarárs.

S1-5 – Targets related to managing material negative impacts, advancing positive impacts, and managing material risks and opportunities

Festi leggur metnað í að byggja upp heilsueflandi vinnustaði með gott og hvetjandi starfsumhverfi. Áhersla er lögð á uppbyggileg samskipti, jafnrétti og að hver starfsmaður sé metinn að verðleikum. Skýr markmið hafa verið sett hjá félaginu tengt starfsánægju og er reglulega kallað eftir endurgjöf frá starfsfólki í vinnustaðagreiningum og starfsmannakönnunum. Jafnrétti og fjölbreytileiki er okkur hjartans mál, en við viljum tryggja að starfsfólk upplifi jöfn tækifæri til starfsþróunar og erum með virkt jafnlaunakerfi. Stutt er við heilsu og velferð starfsfólks með heilsutengdum forvörum og starfsfólki er tryggður aðgangur að sálfræðipjónustu og annarri heilsutengdri ráðgjöf í samstarfi við Heilsuvernd.

Festi vinnur eftir eftirfarandi mælikvörðum og markmiðum. Einnig má sjá árangurinn fyrir árið 2024.

Mannauðsmælikvarðar	Markmið	2024
Kynjahlutfall stjórnenda	50/50	Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn 44% og hjá forstöðumönnum 50%
Óútskýrður kynjamunur	<0,5%	0,1% karlar hærri
Starfsánægja	>4,2	4,03
Þátttaka í vinnustaðagreiningu	>80%	65%
Útkoma úr þjónustukönnun Festi	Meðalskor deilda >4,2	5 af 8 deildum >4,2
Veikindahlutfall	<3,1%	3,8%

S1-6 – Characteristics of the undertaking's employees

Fjöldi starfsfólks miðar við meðalfjölda starfsfólks með laun á árinu. Starfshlutfall starfsfólks er miðað við ráðningarsamning, þar sem hlutastarf er skilgreint sem ráðningarhlutfall upp á 90% eða minna.

Gögn um kyn dreifast á flokkana „karlar“ og „konur“, þar sem of fátt starfsfólk tilheyrir öðrum kynskilgreiningum til að tryggja nægjanlega almenna framsetningu upplýsinga. Til að birta upplýsingar um ákveðinn flokk þarf hann að innihalda að lágmarki fimm einstaklinga af sama kyni.

Ekki var unnt að birta sundurliðun starfsfólks eftir staðsetningu að þessu sinni. Unnið verður áfram að úrbótum í ferlum og skráningu með það að markmiði að veita slíkar upplýsingar á næsta ári.

Taflan sýnir meðalfjölda starfsfólks með laun á árinu:

Starfsfólk hjá samstæðunni	Eining	2024	2023*
Heildarfjöldi starfsfólks	Fjöldi	2.767	2.123
Karlar	Fjöldi	1.532	1.284
	%	55%	60%
Konur	Fjöldi	1.235	839
	%	45%	40%

* Án Lyfju og dótturfélags þess, Heilsu

Taflan sýnir starfshlutfall starfsfólks og miðar við meðalfjölda starfsfólks með laun á árinu:

Starfshlutfall starfsfólks		Fjöldi	%
Karlur	Samtals	1.532	55,3%
	Fullt starf	795	28,7%
	Hlutastarf	737	26,6%
Konur	Samtals	1.235	44,6%
	Fullt starf	512	18,5%
	Hlutastarf	723	26,1%

Taflan sýnir tegund ráðningar samkvæmt ráðningarsamningi og kynjum, miðar við meðalfjölda starfsfólks með laun á árinu:

Tegund ráðningar		Fjöldi	%
Karlur	Samtals	1.532	55,3%
	Fastráðning	1.234	44,5%
	Tímabundin ráðning	299	10,8%
Konur	Samtals	1.235	44,6%
	Fastráðning	929	33,5%
	Tímabundin ráðning	306	11,0%

Taflan sýnir hlutfall starfsmannaveltu eftir starfshlutfalli og kynjum:

Starfsmannavelta		%
Heildarvelta	Samtals	37,6%
Karlur	Samtals	20,9%
	Fullt starf	8,3%
	Hlutastarf	12,7%
Konur	Samtals	16,6%
	Fullt starf	4,1%
	Hlutastarf	12,5%

Taflan sýnir hlutfall starfsmannaveltu eftir kynjum og aldri:

Starfsmannavelta	Aldur	%
Karlur	<30	15,0%
	30-50	5,0%
	>50	0,9%
Konur	<30	12,6%
	30-50	3,1%
	>50	0,9%

S1-7 – Characteristics of non-employees in the undertaking’s own workforce

Árið 2024 störfuðu að meðaltali 6 verktakar fyrir samstæðuna. Einungis eru birtar upplýsingar um þá verktaka sem ganga í störf innan samstæðunnar.

S1-9 – Diversity metrics

Taflan sýnir meðalfjölda á arinu samkvæmt kyni og tegund starfa fyrir 2024:

Tegund starfa	Karlar		Konur		Samtals
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Framkvæmdastjórar	3,5	44%	4,5	56%	8
Forstöðumenn	25	69%	11	31%	36
Aðrir stjórnendur og sérfræðingar	192	51%	185	49%	377
Almennt starfsfólk	1.312	56%	1.034	44%	2.346
Heildarfjöldi	1.532	55%	1.235	45%	2.767

Taflan sýnir meðalfjölda á arinu og hlutfall samkvæmt kyni, aldri og tegund starfa fyrir 2024:

Tegund starfa	Karlar			Konur			Samtals
	<30	30-50	>50	<30	30-50	>50	
Framkvæmdastjórar		2,5	1,0		3,5	1,0	8
Forstöðumenn		19	6		9	3	36
Aðrir stjórnendur og sérfræðingar	27	98	67	36	108	41	377
Almennt starfsfólk	823	389	100	646	260	128	2.346
Heildarfjöldi	850	508	174	681	381	173	2.767

S1-12 – Persons with disabilities

Alls störfuðu 36 einstaklingar hjá samstæðunni árið 2024 sem hafa skerta starfsgetu og flokkast undir „atvinna með stuðningi“.

Ekki eru sýnd kyn þar sem of fátt starfsfólk fellur í ákveðna flokka til að upplýsingar teljist almennar. Miðað er við að fimm eða fleira starfsfólk af sama kyni þurfi að vera í hverjum flokki til þess að upplýsingar um flokkinn séu birtar.

S1-13 – Training and skills development metrics

Festi vinnur að betrubótum í skráningu upplýsinga fyrir þjálfun starfsfólks og stefnir á að uppfylla kröfur í samræmi við gildandi regluverk á næsta ári.

S1-14 – Health and safety metrics

Hjá samstæðunni er rekin núll-slysastefna sem felur í sér að engin slys eru ásættanleg.

Áhersla var lögð á vinnuvernd og öryggi hjá Bakkanum og N1 á árinu, en það eru þau félög samstæðunnar þar sem slys eru algengust. Slysnum fækkaði um 25% milli ára, úr 32 í 24 (án Lyfju og dótturfélags þess, Heilsu), sem er afar ánægjulegt. Áfram verður leitað leiða til að draga úr slysum hjá samstæðunni á árinu 2025. Unnið verður að betri skráningu upplýsinga fyrir næsta ár.

Veikindahlutfall

Upplýsingar um veikindahlutfall starfsfólks miðar við öll greidd veikindi, bæði hjá starfsfólki og veikindi barna. Veikindahlutfall var **3,8%** fyrir 2024.

S1-15 – Work-life balance metrics

Tölur um starfsfólk miða við fjölda og eru án Lyfju og dótturfélags þess, Heilsu en unnið verður að betri skráningu fyrir næsta ár. Einnig verður farið í vinnu við að upplýsa betur um mælikvarða fyrir fæðingarorlof til að mæta kröfum í samræmi við gildandi regluverk.

Taflan sýnir fjölda starfsfólks sem tók orlof á árinu og heildarfjölda mánuða sem voru teknir árið 2024.

	Karlar	Konur	Samtals
Fjöldi	48	33	81
Mánuðir í orlofi	71	110	181

S1-16 – Remuneration metrics (pay gap and total remuneration)

Hlutfall launa forstjóra og miðgildi heildarlaunagreiðslna starfsmanna

	2024	2023
Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi	8,5	8,8

Launamunur kynja

Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna er sýnt í töflunni að neðan:

	2024
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslnakvenna	1,001
Útskýring	Karlar 0,1% hærri

S1-17 – Incidents, complaints and severe human rights impacts

Hjá Festi er lögð rík áhersla á að skapa jákvætt, hvetjandi og öruggt starfsumhverfi fyrir allt starfsfólk. Félagið hefur mótað skýra stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Hegðun, sem fer út fyrir mörk eðlilegra samskipta og flokkast sem einelti, áreitni eða ofbeldi, er með öllu óásættanleg og verður ekki liðin innan félagsins.

Festi leggur áherslu á fræðslu til stjórnenda og starfsfólks um einelti, áreitni og jákvæð samskipti á vinnustað.

Til að tryggja öruggt og traust umhverfi fyrir starfsfólk tók Festi upp samstarf við Siðferðisgáttina. Þar hefur starfsfólk tækifæri til að koma á framfæri ábendingum sínum eða áhyggjum á öruggan hátt við utanaðkomandi aðila upplifi það óæskilega hegðun eða vanlíðan í starfi.

Á síðasta ári bárust níu tilkynningar til Siðferðisgáttarinnar sem vörðuðu samskiptavanda og óæskilega hegðun hjá félögum Festi. Flest erindi vörðuðu samskiptavandamál og óæskilega framkomu, önnur mál sneru að öryggismálum starfsfólks, vinnuálagi og eitt mál að meintri áreitni og óviðeigandi hegðun.

Festi leggur metnað í að skapa öruggt og heilbrigt starfsumhverfi með áframhaldandi áherslu á forvarnir, fræðslu og skýr viðbrögð við óæskilegri hegðun.

S2: Workers in the value chain

Allar vörur sem Festi selur byggja á vinnuframlagi fólks í allri virðiskeðjunni. Áhætta starfsfólks getur þó verið afar mismunandi eftir atvinnugreinum og vöruflokkum. Til að greina þessi áhrif var framkvæmd ítarleg greining á virðiskeðjunni með hliðsjón af vöruframboði samstæðunnar. Niðurstöðurnar varpa ljósi á sjö helstu áhættuþætti sem reyndust mikilvægastir samkvæmt tvíþátta mikilvægisgreiningunni og hvernig þeir birtast á mismunandi hátt eftir atvinnugreinum í virðiskeðjunni:

1. Starfsöryggi

- **Málmvinnsla og námuvinnsla:** Sveiflur í hrávöruverði og tæknibreytingar skapa óstöðugleika.
- **Landbúnaður, fiskeldi og veiðar:** Tímabundin störf auka áhættu á óstöðugri atvinnu.
- **Kjötiðnaður, alifuglar og mjólkurframleiðsla:** Líkamlega krefjandi og hættuleg vinnuaðstaða getur ógnað starfsöryggi.
- **Samgöngur:** Ráðningarerfiðleikar og krefjandi vinnuaðstæður skapa áskoranir í starfsmannahaldi.
- **Heimilis- og persónulegar vörur:** Há starfsmannavelta vegna einhæfs og vinnuaflsfrekra starfa.

2. Vinnutími og þreyta

- **Olía og gas:** Langar vaktir og mikil næturvinna.
- **Landbúnaður og fiskveiðar:** Tímabundin störf eru oft án skýrt afmarkaðs vinnutíma, sem eykur hættu á misnotkun.
- **Kjötiðnaður:** Langir og líkamlega erfiðir vinnudagar skapa krefjandi vinnuaðstæður.
- **Samgöngur:** Langar og óreglulegar vaktir vegna krafna um skjóta afhendingu.
- **Heimilis- og nauðsynjavörur:** Langar vaktir og mikil yfirvinna eru algengar.

3. Laun og lífsskilyrði

- **Landbúnaður, fiskeldi og veiðar:** Margir starfsmenn lifa við fátækt vegna lágra launa.
- **Olía og gas:** Verktakar og farandverkamenn búa oft við lakari kjör og hafa minni réttindi.

4. Heilsa og öryggi

- **Olía og gas:** Mikil hætta á eldsvoðum, sprengingum og mengunarslysum.
- **Málmvinnsla og námuvinnsla:** Há tíðni banaslysa vegna hættulegra vinnuaðstæðna.
- **Landbúnaður og fiskveiðar:** Fall, vélaslys og hitatengd veikindi eru algeng hætta.
- **Kjötiðnaður:** Vélanotkun, efnaverk og hröð framleiðsla geta valdið meiðslum.
- **Samgöngur:** Langir vinnudagar og þreyta auka slyshættu.
- **Efnaiðnaður:** Snerting við hættuleg efni og notkun vinnuvéla eykur líkur á alvarlegum slysum.

5. Kynbundið ofbeldi

- **Námuvinnsla:** Konur standa frammi fyrir verulegri hættu á kynferðislegu ofbeldi, oft af hálfu öryggisstarfsmanna.
- **Landbúnaður og fiskveiðar:** Konur í tímabundnum eða árstíðabundnum störfum eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir kynferðislegri misnotkun.

6. Barnaþrælkun

- **Landbúnaður og fiskveiðar:** Börn vinna oft á litlum fjölskyldubúum eða í tímabundnum störfum, sérstaklega við ræktun kaffi- og kakóbauna.
- **Námuvinnsla:** Börn vinna við hættulegar aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á velferð þeirra.

7. Nauðungarvinna

- **Olía og gas:** Farandverkamenn eru oft neyddir til að vinna við erfiðar aðstæður.
- **Námuvinnsla:** Skýr dæmi um mansal og nútímaþrælahald.
- **Landbúnaður og fiskveiðar:** Nauðungarvinna kemur fyrir meðal farandverkamanna og frumbyggja, oft í formi skuldaánauðar.
- **Kjötiðnaður:** Viðkvæmir hópar eru í hættu á að lenda í nauðungarvinnu.
- **Byggingariðnaður:** Nauðungarvinna er þekkt vandamál, sérstaklega meðal farandverkamanna í aðfangakeðjunni.

Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Secure employment						
Starfsfólk í aðfangakeðju glíma við óstöðugleika í starfi, handahófskenndar uppsagnir og efnahagslega óvissu	I	M	•		•	Significant
Working time						
Starfsfólk í aðfangakeðju vinna langan vinnutíma, búa við óstöðugleika og heilsufarsáhættu	I	M	•			Significant
Adequate wages						
Starfsfólk í aðfangakeðju fá ófullnægjandi laun, sem hefur áhrif á lífsviðurværi þeirra og fjölskyldur	I	M	•			Significant
Health and safety						
Starfsfólk í aðfangakeðju búa við heilsu- og öryggisáhættu	I	M	•			Critical
Measures against violence and harassment in the workplace						
Konur í aðfangakeðju verða fyrir ofbeldi, áreitni og alvarlegum skaða	I	M	•			Significant
Child labour						
Barnavinna í námu- og framleiðslugreinum skaðar börn	I	M	•			Significant
Forced labour						
Nauðungarvinna í námu- og framleiðslugreinum rýrir lífsgæði fólks	I	M	•			Significant

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	I: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

S2-1 – Policies related to value chain workers

Festi og rekstrarfélög styðja við og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend lög sem og Mannréttindafyrirséingu Sameinuðu þjóðanna í allri starfsemi félagsins. Samstæðan virðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafnar með öllu mannréttindabrotum svo sem nauðungar- og þrælkunarvinnu, þar með talinni barnaþrælkun. Í lok árs 2023 innleiddi samstæðan siðareglur birgja og þjónustuaðila sem gera kröfur Festi skýrar varðandi sjálfbærnimál, þar á meðal mannréttindi og þeirri vinnu var fylgt eftir á árinu 2024. Samstæðan mun jafnframt fylgjast vel með nýjum kröfum í Evrópulöggjöf sem snúa að upplýsingagjöf á sviði mannréttinda og fara í vinnu til að standast þær kröfur ef þörf verður á.

Siðareglur birgja og þjónustuaðila má finna á heimasíðu Festi.

S2-2 – Processes for engaging with value chain workers about impacts

Festi framkvæmdi í fyrsta sinn birgjamat sem sent var til hundruða birgja og þjónustuaðila á árinu, innlendra og erlendra, sem fyrsta skref í að kortleggja áhrif í virðiskeðjunni. Matið var einfalt í sniðum til að auka líkur á góðri svörum og áhersla lögð á að félög séu meðvituð um umhverfisáhrif sín, félagslega ábyrgð gagnvart starfsfólki og mikilvægi þess að stunda heilbrigða viðskiptahætti og vinna gegn hvers kyns spillingu.

Festi vinnur nú að endurskoðun ferla, aðgerðamarkmiðum og þeim þáttum sem snúa að lágmarksverndarráðstöfunum í virðiskeðjunni, sérstaklega í tengslum við að uppfylla kröfur flokkunarreglugerðarinnar (e. EU taxonomy).

S2-3 – Processes to remediate negative impacts and channels for value chain workers to raise concerns

Festi hefur ekki innleitt formlega ferla fyrir starfsfólk í virðiskeðjunni að tilkynna brot.

S2-4 – Taking action on material impacts on value chain workers, and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to value chain workers, and effectiveness of those actions

Festi kannar tengsl og viðskiptasögu þeirra aðila sem til álita kemur að stofna til viðskiptasambands við. Auk þess eru að finna klausur í samningum við birgja rekstrarfélaganna um ákveðnar lágmarkskröfur frá félögunum. Siðareglur Festi hf. gilda einnig fyrir verktaka samstæðunnar en í lok árs 2023 voru einnig innleiddar Siðareglur birgja og þjónustuaðila hjá samstæðunni. Samhliða útfærslu þeirra reglna voru skilgreindir tilheyrandi ferlar fyrir innleiðingu reglnanna og útbúinn spurningalisti fyrir mat á virðiskeðjunni, sem byggir á áhersluatriðum siðareglanna. Í báðum skjölum er vísað til Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu Þjóðanna og Barnasáttmálans.

Í mars 2024 kom upp atvik þar sem starfsemi ótengds aðila, sem leigt hafði rými af Krónunni, var stöðvuð vegna gruns um refsiverða háttsemi. Var málið litið alvarlegum augum innan Festi og var þegar ráðist í fyrirbyggjandi aðgerðir innan samstæðunnar til að treysta enn frekar ferla og efni viðskiptasamninga við þriðju aðila. Frá þeim tíma hafa viðskiptasamningar verið uppfærðir þar sem m.a. hefur verið skerpt á skyldu birgja og annarra viðsemjenda til upplýsingagjafar um starfsemi þeirra, málefni á sviði samfélagslegrar ábyrgðar og breytingar á eignarhaldi sem og um rétt til útgöngu úr samningum vegna samningsbrota. Samhliða hefur eftirlit með slíkri starfsemi verið eftir með reglubundnum úttektum. Þá hefur enn ríkari áhersla verið lögð á fræðslu til starfsfólks um mikilvægi vinnuréttinda og farveg ábendinga.

Siðareglur birgja og þjónustuaðila voru kynntar fyrir öllum helstu birgjum og þjónustuaðilum samstæðunnar, innlendum sem og erlendum, vorið 2024. Sömu aðilar fengu sent birgjamat frá samstæðunni þar sem áhersla var lögð á að félög séu meðvituð um umhverfisáhrif sín, félagslega ábyrgð gagnvart starfsfólki og mikilvægi þess að stunda heilbrigða viðskiptahætti og vinna gegn hvers kyns spillingu. Matið var haft einfalt í sniðum til að auka líkur á góðri svörum. Eftirlit er haft með því af hálfu Festi, og einstakra félaga innan samstæðunnar, hvaða birgjar og þjónustuaðilar hafi staðfest reglurnar og svarað birgjamati og fylgt eftir að það sé gert af öllum.

S2-5 – Targets related to managing material negative impacts, advancing positive impacts, and managing material risks and opportunities

Festi hefur sett sér það markmið að allir nýir birgjar á árinu 2025 þurfi að staðfesta siðareglur fyrir birgja.

Krónan leggur áherslu á að selja vörur sem hafa vottanir, s.s. eins og FairTrade og Rainforest alliance. Slíkar vottanir leitast við að vernda verkafólk í alþjóðlegum aðfangakeðjum með því að setja félagslegar, umhverfislegar og efnahagslegar kröfur á þær vörur sem eru vottaðar.

Festi mun halda áfram vinnu við frekari markimiðasetningu, byggðar á niðurstöðum og greiningum frá tvíþátta mikilvægisgreiningu í samræmi við gildandi regluverk.

S4: Consumers and end-users

Viðskiptavinir Festi eru undirstaða velgengni og framtíðarmöguleika samstæðunnar. Því leggur Festi mikla áherslu á að byggja upp traust samband við viðskiptavini sína með ábyrgum starfsháttum, gegnsæi og hágæða vöruframboði.

Hjá Festi er lögð áhersla á að tryggja öryggi viðskiptavina, bæði í tengslum við persónuupplýsingar og vörugæði. Í gegnum rekstur sinn, safna félög Festi viðkvæmum persónuupplýsingum, meðal annars um heilsu og fjármál viðskiptavina. Strangar öryggisráðstafanir eru því nauðsynlegar. Á sama tíma hefur Festi tækifæri til að hafa jákvæð áhrif með því að veita skýrar og áreiðanlegar upplýsingar um vörur og þjónustu, stuðla að heilbrigðari lífsstíl og tryggja öryggi neytenda með ábyrgu vöruframboði.

Áhættur og tækifæri

- Áhættur felast meðal annars í mögulegum gagnaleka, ófullnægjandi öryggisráðstöfunum í matvælaframleiðslu og vörustjórnun, sem og óábyrgu markaðsstarfi sem getur dregið úr trausti viðskiptavina.
- Tækifæri liggja í því að tryggja nákvæmar, gegnsæjar og aðgengilegar upplýsingar um vörur og þjónustu, efla valkosti sem stuðla að heilbrigðari neysluvenjum og nýta stafrænar lausnir til að auka öryggi gagna og þjónustu við viðskiptavini.

Festi vill vera leiðandi í ábyrgri neytendamiðaðri þjónustu og vöruframboði, með áherslu á sjálfbærni, heilsuefingu og gagnavernd. Með stöðugri nýsköpun og umbótum í starfsemi sinni stefnir fyrirtækið að því að tryggja örugg, traust og áreiðanleg viðskiptasambönd til framtíðar.

Festi stefnir að því að fá að nýta skoðanir viðskiptavina sinna við uppfærslu á tvíþátta mikilvægisgreiningu samstæðunnar á árinu.

Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Privacy						
Rafræn greiðsla og lyfseðlapantanir geta brotið gegn persónuvernd	I	M			•	Important
Ófullnægjandi gagnavernd getur skapað hættu á sektum, lækkað traust og valdið neikvæðri umfjöllun	R					Significant
Access to (quality) information						
Nákvæmar merkingar hjálpa neytendum að taka upplýstar ákvarðanir um innihald og næringu	I	R			•	Significant
Nákvæmar merkingar og upplýstar ákvarðanir auka tryggð, bæta ímynd og styrkja fjárhagslega frammistöðu	O					Critical
Health and safety						
Að stuðla að notkun á heilbrigðari vörum hefur jákvæð áhrif á heilsu neytenda	I	R			•	Critical
Sala á hættulegum vörum getur leitt til innköllunar, lagalegra vandamála og tap á trausi.	R					Significant
Sala á heilbrigðum vörum eykur tryggð, bætir ímynd og styrkir fjárhagslega frammistöðu	O					Critical
Protection of children						
Hættulegar vörur og ófullnægjandi aldursstaðfesting geta leitt til neyslu ólögráða einstaklinga	R					Important

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Access to products and services						
Smásöluverslun á strjábýlum og illa aðgengilegum svæðum bætir aðgengi að nauðsynjavörum	I	R			•	Significant
Verslanir á svæðum með takmarkaðar samgöngur bæta aðgengi, fjölga viðskiptavinum og auka tekjur	O					Critical
Responsible marketing practices						
Óábyrgar markaðsaðgerðir geta leitt til sekta, ímyndarskaða og fjárhagslegs taps		R				Significant

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	O: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

S4-1 – Policies related to consumers and end-users

Festi hefur sett sér siðareglur sem gilda um alla starfsemi félagsins, starfsfólk þess og stjórn. Reglurnar eru aðgengilegar á ytri vef félagsins. Mæla þær fyrir um samfélagslega og umhverfislega ábyrgð, virðingu gagnvart viðskiptavinum og birgjum, öryggi og vellíðan starfsfólks, upplýsingagjöf gagnvart hluthöfum og öðrum markaðsaðilum, reglur sem gilda um gjafir og aðra hagsmuni sem og vernd trúnaðarupplýsinga.

Festi leggur mikla áherslu á vernd persónuupplýsinga og meðhöndlun viðkvæmra gagna í starfsemi sinni. Félagið og dótturfélög þess, þar á meðal ELKO, Krónan, Lyfja og N1, hafa sett sér skýrar persónuverndarstefnur í því skyni að tryggja örugga og ábyrga meðferð persónuupplýsinga viðskiptavina og starfsmanna.

ELKO virðir ströng persónuverndarákvæði laga er snúa að viðskiptavinum og leitast við að upplýsa þá á einfaldan hátt um það hvernig og hvers vegna upplýsingum er safnað, þær notaðar og varðveittar. ELKO safnar persónuupplýsingum til að veita þá þjónustu sem óskað er eftir. Þegar viðskiptavinir skrá sig á póstlista ELKO, vinnur félagið með persónuupplýsingar sem viðskiptavinir láta félaginu í té en sú vinnsla byggir á samþykki viðskiptavina sem geta hvenær sem er afturkallað samþykkið og afskráð sig af póstlista félagsins. ELKO tryggir öryggi persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum og varðveitir þær aðeins eins lengi og nauðsynlegt er og í samræmi við lög og reglur.

Krónan safnar persónuupplýsingum til að veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu. Þessar upplýsingar eru m.a. notaðar til að halda utan um viðskiptasögu, senda tilkynningar og bæta þjónustu. Krónan tryggir öryggi þessara gagna með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum og varðveitir þau aðeins eins lengi og nauðsynlegt er og í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Lyfja vinnur með persónuupplýsingar í samræmi við persónuverndarlöggjöf og er annt um að tryggja öryggi og trúnað upplýsinga viðskiptavina og starfsmanna. Lyfja leggur mikla áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og er innra eftirlitskerfi til staðar sem tryggir tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir. Stafrænar lausnir Lyfju fara reglulega í gegnum öryggisúttektir hjá óháðum þriðja aðila. Auk þess eru gerðar stífar kröfur um auðkenningu með rafrænum skilríkjum í stafrænum dreifileiðum þar sem persónuupplýsingar eru veittar. Gögn eru einungis varðveitt eins lengi og lög leyfa eða nauðsynlegt er fyrir viðkomandi þjónustu.

N1 safnar og vinnur persónuupplýsingar í samræmi við gildi sín: virðingu, einfaldleika og kraft. Slíkar upplýsingar eru notaðar til að veita þá þjónustu sem óskað er eftir og til að bæta upplifun og þjónustu gagnvart viðskiptavinum. N1 leggur áherslu á að viðhalda trúnaði og öryggi persónuupplýsinga með ströngum öryggisráðstöfunum og varðveitir gögnin aðeins eins lengi og nauðsynlegt er fyrir tiltekinn tilgang og í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Festi og dótturfélög þess skuldbinda sig til að fylgja ströngustu stöðlum í persónuvernd og gagnavernd með það að markmiði að tryggja öryggi og trúnað persónuupplýsinga í allri starfsemi sinni.

Festi og dótturfélög eru ekki með auglýsingastefnu en leggja áherslu á siðferðislega ábyrgð í auglýsingum og virða réttindi barna samkvæmt gildandi lögum og alþjóðlegum viðmiðum.

Festi vinnur samkvæmt lögum varðandi aðgengi að hættulegum vörum og sölu á áfengi og tóbaki.

S4-2 – Processes for engaging with consumers and end-users about impacts & S4-3 – Processes to remediate negative impacts and channels for consumers and end-users to raise concerns

Festi og dótturfélög þess leggja áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar og tryggja að viðskiptavinir geti komið á framfæri ábendingum eða áhyggjum.

Viðbragðsferlar við neikvæðum áhrifum

- Eftirlit og úttektir: Reglulegt eftirlit tryggir að vörur og þjónusta uppfylli gæðastaðla.
- Úrbætur: Ef vandamál koma upp, vinnur Festi að úrbótum, t.d. með breytingum á vörum, verklagi eða fræðslu starfsfólks.
- Samstarf við birgja: Festi tryggir að birgjar uppfylli gæðakröfur og siðareglur.

Leiðir fyrir viðskiptavinum til að koma ábendingum á framfæri

- Þjónustuver: Viðskiptavinir geta haft samband í gegnum síma, tölvupóst eða netspjall.
- Ábendingakerfi á vefsíðu: Einfalt kerfi til að senda inn ábendingar eða kvartanir.
- Samfélagsmiðlar: Félög Festi taka við ábendingum í gegnum samfélagsmiðla.

Hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar í skoðanakönnunum sem eru framkvæmdar árlega. Festi tryggir að ábendingar séu teknar alvarlega og unnið sé að úrbótum til að bæta þjónustu og rekstur.

S4-4 – Taking action on material impacts on consumers and end-users, and approaches to managing material risks and pursuing material opportunities related to consumers and end-users, and effectiveness of those actions

Eftir að hafa lokið tvíþátta mikilvægisgreiningu í lok árs 2024 vinnur Festi að því að greina næstu skref.

S4-5 – Targets related to managing material negative impacts, advancing positive impacts, and managing material risks and opportunities

Við mat á viðskiptavinaánægju nýta rekstrarfélög Festi sér bæði innri og ytri mælikvarða til að mæla ánægju viðskiptavina og árangur. Er meðal annars horft til niðurstaðna úr Ánægjuvuginni fyrir um viðskiptaánægju en þar var Krónan gullhafi og efst meðal matvöruverslana og ELKO sigurvegari og hæst meðal raftækjaverslana.

ELKO fylgist með ánægju viðskiptavina á margvíslegan hátt. Árlega eru sendar stærri ánægjukannanir til viðskiptavina þar sem markvisst er lagt upp með að nýta niðurstöður til að bæta ánægjuna enn frekar. Þá er félagið einnig með stöðugar kannanir í verslunum sjálfum (e. happy or not) og eru niðurstöður þeirra sýnilegar á daglegum mælaborðum auk þess sem viðeigandi aðilar fara mánaðarlega yfir þær niðurstöður. ELKO fylgist einnig með öðrum þáttum sem gefa vísbendingar um ánægju viðskiptavina, t.d. heimsóknartölum, markaðshlutdeild, vísitölu vörumerkisins hjá Brandr og kaupir gögn af þriðja aðila til að fá dýpri þekkingu á viðskiptavinum. ELKO mælir einnig ánægju viðskiptavina með eftirkaupþjónustu við gölluð tæki í mánaðarlegri könnun.

Krónan mælir, með aðstoð þriðja aðila, mánaðarlega markaðshlutdeild, gerir kannanir á meðmælingu (NPS). Og mælir Brandr vísitölu vörumerkisins. Krónan er efst af þremur matvöruverslunum sem mældar eru í Ánægjuvuginni, áttunda árið í röð, og hefur tölfraðilega marktæka hæstu einkunn í þeirri atvinnugrein líkt og síðustu ár.

N1 mælir reglulega vörumerkjastyrk og ímynd (EMC) miðað við önnur félög í atvinnugreininni.

Lyfja mælir reglulega ánægju viðskiptavina (NPS skor) þar sem ánægja viðskiptavina mælist góð. Einnig eru framkvæmdar ímyndar- og viðhorfsmælingar.

Governance

G1: Business conduct

Hjá Festi leggjum við ríka áherslu á siðferðislega og ábyrga viðskiptahætti í allri starfsemi. Er það grunnforsenda þess að viðhalda trausti til fyrirtækisins og góðum samskiptum við lykilhagsmunaaðila. Áhersla er lögð á gegnsæi í upplýsingagjöf og fagleg vinnubrögð. Siðareglur hafa verið settar fyrir stjórn félagsins, starfsfólk, birgja og þjónustuaðila til að skerpa á áherslum um

Leitast er við að byggja upp fyrirtækjamenningu sem verndar starfsfólk og aðra hagsmunaaðila gegn mögulegum mannréttindabrotum, kemur í veg fyrir spillingu og tryggir öryggi uppljóstrara sem greina frá misferli eða öðrum álítamálum. Gegnsæi og ábyrgð eru lykilatriði í starfsemi Festi sem stuðla að faglegum og siðferðislega ábyrgum viðskiptaháttum.

Eftirfarandi þættir eru metnir mikilvægir fyrir Festi. Umfang áhrifa, áhættu og tækifæra var metið án þess að tillit væri tekið til fyrirbyggjandi aðgerða sem draga úr og/eða milda áhrif, áhættu og tækifæri.

Mikilvægir þættir	IRO	R/M	F	ER	S	Mikilvægi
Corporate culture						
Samkeppnishamlandi hegðun getur hækka olíu- og gasverð og hefur áhrif á heimshagkerfið	R					Important
Protection of whistle-blowers						
Ófullnægjandi meðhöndlun uppljóstrara getur skapað lagalega áhættu, ímyndarskaða og dregið úr góðum starfsanda	R					Important
Animal welfare						
Fjöldaframleiðsla í landbúnaði, kynbætur og tilraunir á dýrum getur skaðað velferð dýra	I	M	•			Significant
Management of relationships with suppliers including payment practices						
Jákvæð sambönd við birgja geta aukið fjárhagslegan ávinning, bætt ímynd og stuðlað að sameiginlegum verkefnum	O					Significant
Corruption and bribery						
Spilling og mútur getur leitt til fjárhagslegrar áhættu	R					Significant
Að koma í veg fyrir spillingu eykur skilvirkni og dregur úr áhættu	O					Significant
Spilling hjá birgjum getur skaðað ímynd Festi og truflað aðfangakeðjur	R					Significant

R/M: Raun / Möguleg	ER: Eigin rekstur	I: Neikvæð áhrif	R: Fjárhagsleg áhætta
F: Fyrri stig	S: Síðari stig	O: Jákvæð áhrif	O: Fjárhagsleg tækifæri

G1-1 – Business conduct policies and corporate culture

Siðareglur

Festi vill vera leiðandi, traust og sjálfbært félag sem eykur virði, ánægju og lífsgæði og byggja siðareglur félagsins á þessum grunngildum. Forstjóri og æðstu stjórnendur félagsins hafa það hlutverk að vera talsmenn gildanna og stuðla að sterkri og heilbrigðri fyrirtækjamenningu.

Dagsdagleg samskipti við starfsfólk eiga sér stað með beinum samskiptum, á fundum og á vettvangi stafrænna miðla. Stefnur, verklagsreglur og annað stuðningsefni sem auðveldar starfsmönnum að fylgja viðmiðum Festi er aðgengilegt starfsfólki í gegnum samskipta- og fræðslutól félaganna. Auk þess nýtum við innra samskiptakerfi til að miðla mikilvægum upplýsingum, uppfærslum og fréttum.

Til að tryggja að starfsfólk sé upplýst og virkir þátttakendur í stefnumörkun fyrirtækisins eru haldnir reglulegir starfsmannafundir þar sem fjallað er um fjárhag, sjálfbærni, lykilverkefni og önnur mikilvæg málefni. Jafnframt er framkvæmd vinnustaðagreiningar tvisvar á ári til að meta starfsánægju og þátttöku, þjónustukönnun stöðdeilda auk reglulegra sértækra kannana. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki og deildir greina tækifæri til umbóta á grundvelli þessara upplýsinga.

Festi hefur innleitt fjölbreyttar stefnur sem veita skýrar leiðbeiningar um áherslur, ábyrgð og háttsemi fyrir starfsfólk. Á síðustu árum hefur aukin áhersla verið lögð á sjálfbærni innan samstæðunnar, enda tekur hún til viðskiptavina, starfsfólks og eigenda félagsins og stuðlar að því að heildstæð nálgun sé tekin gagnvart öllum hagaðilum samstæðunnar, innri og ytri.

Uppljóstrun um lögbrot eða ámælisverða háttsemi

Festi leggur áherslu á heilindi og gegnsæi í starfsemi sinni og hvetur starfsmenn til að tilkynna, í góðri trú, um möguleg lögbrot eða ámælisverða háttsemi. Verklag félagsins byggir á lögum nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara.

Uppljóstrunarferli:

- Starfsmenn geta tilkynnt í trúnaði um lögbrot eða óviðeigandi háttsemi innan fyrirtækisins.
- Tilkynningar berast persónuverndarfulltrúa Festi í gegnum viðeigandi netföng rekstrarfélaga.
- Öllum tilkynningum er tekið alvarlega og fylgt eftir innan 30 daga.
- Starfsmenn njóta verndar gegn mismunun eða óréttlátri meðferð vegna uppljóstrunar.

Vernd uppljóstrara:

- Uppljóstrun sem uppfyllir lagaskilyrði brýtur hvorki trúnaðarskyldu né leiðir til viðurlaga.
- Óheimilt er að beita uppljóstrara neikvæðum afleiðingum, s.s. með breytingu á starfskjörum eða starfslokum.
- Sé upphaflegri tilkynningu ekki sinnt, eða ef um verulega almannahagsmuni að ræða, getur starfsmaður leitað til utanaðkomandi aðila, t.d. eftirlitsstofnana eða fjölmiðla.

Stefna um dýravelferð

Á síðustu árum hefur þekking aukist innan samstæðunnar um áhrif starfsemi hennar á dýralíf og er í skoðun er að setja stefnu varðandi dýravelferð. Festi setur kröfu um að birgjar samþykki og fari eftir siðareglum birgja og þjónustuaðila þar sem áhersla er lögð á ábyrga viðskiptahætti og að fyrirtæki séu meðvituð um umhverfisleg áhrif starfsemi sinnar.

G1-2 – Management of relationships with suppliers

Í starfsemi Festi er lögð áhersla á samfélags- og umhverfislega ábyrgð, virðingu fyrir mannréttindum og jákvæð áhrif að öðru leyti í starfsemi samstæðunnar. Samstarf við birgja er þýðingarmikill þáttur í að ná tilgreindum markmiðum. Ef upp koma áskoranir eða vandamál er leitast við eiga samtalið við birgja um mögulegar leiðir til úrbóta. Festi áskilur sér rétt til að hafna mögulegum birgjum eða slíta samstarfi við birgja sem ekki uppfylla þær kröfur sem félagið gerir gagnvart viðsemjendum sínum. Ein leið sem félagið notar til að meta birgja sína er birgjamat sem þegar hefur verið fjallað um í skýrslunni.

G1-3 – Prevention and detection of corruption and bribery

Eins og áður hefur komið fram hafa verið gerðar siðareglur fyrir stjórn, starfsfólk, birgja og þjónustuaðila samstæðunnar. Er það markmið félagsins að unnið sé af heilindum á öllum sviðum starfseminnar. Festi starfar með skýra aðgreiningu milli starfa til að lágmarka áhættuna á spillingu eða mútupægni auk þess að vera með uppljóstrarkerfi sem byggja á lögum um vernd uppljóstrara. Stærstu tækifæri til spillingar og mútupægni liggja í viðskiptakjörum og birgjavali. Festi leggur áherslu á að ákvörðun og skráning birgja og viðskiptakjara séu ekki á höndum sömu manneskjunnar.

Öll málefni svika eða mútupægni eru á höndum áhættunefndar Festi sem starfar í umboði stjórnar, og svarar til endurskoðunarnefndar stjórnar. Nefndin samanstendur af forstjóra, framkvæmdarstjóra fjármála og rekstrar og áhættustjóra Festi (forstöðumanni fjárstýringar og innheimtu). Öll tilfelli svika og mútupægni óháð uppruna og umfangi eru álitin mjög alvarleg og tekin til sérstakrar skoðunar. Lánadrottnaferli Festi og dótturfélaga hefur verið í endurskoðun á árinu 2024, verkefninu verður lokið á árinu 2025. Markmið endurskoðunar er að auka skilvirkni innan samstæðunnar, tryggja sameiginleg vinnubrögð þvert á félög samstæðunnar og lágmarka enn frekar tækifæri til spillingar eða mútupægni.

G1-4 – Incidents of corruption or bribery

Engin mál sem varða spillingu eða mútur komu upp innan samstæðu Festi á árinu 2024.

G1-6 – Payment practices

Festi starfar án mismununar gagnvart birgjum sínum. Ein af mikilvægustu vinnureglum Festi er að greiða alla reikninga til birgja á réttum tíma. Festi kemur fram við alla birgja sína á jafnræðisgrundvelli í samningaviðræðum um greiðsluskilafresti í takti við almenna markaðsvenju. Greiðsluskilmálar geta verið frá 0 til 60 daga, allt eftir því hvaða rekstrareining á í hlut. Festi vinnur nú að því að greina meðalgreiðslufresti fyrir samstæðuna fyrir lok árs 2025. Engin dómsmál vegna seinna greiðslna voru í gangi í lok árs 2024.